



HÆGRI

Huginn, félag ungra sjálfstæðismanna í Garðabæ nóvember '06

Ungir hugsa stórt í Garðabæ

„eina stjórn málaafli ungs fólks í bæjarfélaginu”

bls. 2

Kristileg sál gæsla í skólum

„vil bara fá að hafa það í friði fyrir þjóðkirkjunni”

bls. 2

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í viðtali

„ber mikla virðingu fyrir lýðræðinu”

bls. 3

Stelpur í Sjálfstæðisflokknum

„algjört rangnefni á flokkinn að titla hann karlaflokk”

baksíða

Prófkjör sjálfstæðisflokksins 11. nóvember



Bjarni



Ármann Kr.



Þorgerður Katrín



Ragnheiður Elín



Steinunn



Jón



Bryndís



Sigrúros



Árni Þór



Ragnheiður R.



Pétur Árni

Ungir hugsa stórt í Garðabæ



Huginn, félag ungra sjálfstæðismanna í Garðabæ, er eina stjórn málaafli ungs fólks í bæjarfélaginu. Í félaginu starfar stór hópur öflugra einstaklinga sem deila sömu hugsjón um frelsi einstaklingsins til orðs og athafna. Við stöndum fyrir kappræðum, ræðunámskeiðum, höldum úti heimasíðu og svona mætti lengi telja. Félagið er opið Garðabæingum sem náð hafa 16 ára aldri og skráðir eru í Sjálfstæðisflokkinn, en aldurshámarkið er 35 ár.

Eitt af helstu markmiðum félagsins er að skapa framúdarleiðtoga og síðan félagið var stofnað árið 1973 hefur stjórn félagsins verið skipuð mönnum og konum sem skarað hafa fram úr, hvort sem það hefur verið í stjórn mála, rekstri fyrirtækja, fjölmiðlum eða öðrum þáttum þjóðfélagsins. Á ferilskrám alþingismanna, forsjóra og fjölmiðlamanna má sjá stjórnarsetu í Hugin. Þá höfum við einnig átt fjölmarga félagsmenn sem náð hafa góðum árangri innan flokksins, má þar nefna Ásdís Höllu Bragadóttur og Hafstein Þór Hauksson en þau hafa bæði orðið formenn SUS og einnig hafa fjölmargir aðrir komist í stjórn þar.

Þrátt fyrir glæsilega fortíð lítum við Huginsfólk til framtíðar. Við ætlum okkur stóra hluti í bæjarfélaginu og í flokksstarfinu. Við vorum að opna glæsilega heimasíðu www.haegri.is, þar sem félagsmönnum gefst kostur á að koma hugsjónum sínum á framfæri. Stærsta framtak okkar Huginsmanna í langan tíma er blaðið Hægri. Mörgum kann að þykja þetta

full mikið fyrir félag í litlu bæjarfélagi eins og Garðabæ, en við hugsum stórt og ætlum okkur að gera þetta að föstum lið.

Það er okkar von að blaðið gefi þér innsýn í starf félagsins og kveiki áhuga fyrir þátttöku. Huginn er fyrst og fremst stjórn-máláhreyfing, en ekki síður góður félagskappur ungra Garðabæinga. Ég hvet þig, kærri Garðabæingur til þess að slást í hópinn og taka þátt í starfinu með okkur. Það er ákvörðun sem ég er viss um að þú sérð ekki eftir.

Erlingur Þór Tryggvason formaður Hugins

Kristileg sál gæsla í skólum



Þú hefur verið ötull í gagnrýni þinni á svokallaða „vinaleið“. Í hverju felst „vinaleiðin“ og hvað er gagnrýnivert varðandi hana?

Kærar þakkir. Vinaleiðin er “kristileg sál gæsla” veitt af djákna eða presti með skrifstofu í skólum. Stuðningur við nemendur er æskilegur en ætti að vera á hendi hlutlausra aðila, ekki trúfélags. Þegar Vinaleiðin bauðst fór skólastjóri Hofstaðaskóla fram á að kirkjan kostaði auknið starfshlutfall námsráðgjafa en kirkjan neitaði og krafðist þess að fá vígðan mann inn í skólana. Ástæðan hlýtur að vera að tilgangur þessa starfs er boðun kristinnar trúar, eins og augljóst má vera af starfi djákna í Mosfellsbæ. Skólinn á að vera fræðslustofnun ekki trúboðsstofnun (sbr. aðalnámskrá). Í Mosfellsbæ er þessi starfsemi kostuð af skólanum en hér er hún (í fyrstu) í boði fyrirtækis. Kirkjan hefur þó farið fram á árlegar greiðslur úr bæjarsjóði til að kostna laun prests og djákna í skólum. Í ljósi kjarasamninga má t.d. ráða þrjá listmeðferðarfræðinga fyrir hvern prest. Þessi “þjónusta” presta og djákna er því á kostnað ódýrari þjónustu hlutlausra fagaðila.

Reynir Harðarson

Er eðlilegt að þjóðkirkja Íslendinga sé í grunnskólum landsins?

Nei. Ekkert trúfélag á að starfa í grunnskólum. Einhver gæti haldið það í ljósi þess að meirihluti landsmanna er skráður (sjálfkrafa) í þjóðkirkjuna. En vera fulltrúa eins trúfélags í skólanum sendir þau skilaboð að það sé réttá eða æskilega trúfélagið. Slíkt er vanvirðing við þá foreldra sem aðhyllast önnur trúarbrögð eða engin og setur börn þeirra í afar erfiða stöðu. Skóli á að vera gríðastaður barna gagnvart trúarlegum og pólitískum áróðri, þeinum og óþeinum. Grunnskólalög og siðareglur kennara banna mismunun vegna trúarbragða.

Hver hafa viðbrögð manna og félagasamtaka verið við gagnrýninni?

Flestir yppta öxlum í fyrstu en átta sig þegar þeir hugsa málið. Trúlausir og fólk annarra trúarbragða fagnar því að einhver þori og nenni að spyrna við fótum. Biskup talar hins vegar um “hatramma og þröngsýna heimshyggu”, prestur um “ofstækisfullt guðleysi, sem lítu eirir og fátt virðir” og skólastjóri um “ofstæki, sem jaðrar við frekju”. Siðmennt hefur bent á að Vinaleiðin brýtur í bága við lög og vegur að forræði foreldra í trúmálum. Astrúarfélagið hefur tekið í sama streng sem og félög unglíða í stjórn mála, bæði til hægri og vinstri.

Ert þú trúaður?

Nei. En ég er ekki að boða trúleysi, vil bara fá að hafa það í friði fyrir þjóðkirkjunni.

Viðtal við Gunnar Einarsson bæjarstjóra Garðabæjar



Telur þú Garðabæ hafa að einhverju leyti betri þjónustu við ungmenni en önnur bæjarfélög?

Það má færa rök fyrir því að þjónusta við börn- og ungmenni í Garðabæ sé að einhverju leyti betri en annars staðar. Við höfum t.d. lagt mikinn metnað í skólamálin hjá okkur á öllum skólastigum. Það er horft til Garðabæjar þegar rætt er um skólamál. Það sama má segja um íþrótt- og æskulýðsstarf hvers konar, það er öflugt og þróttmikild. Það þýðir ekki það að við getum ekki gert betur. Ég er á þeirri skoðun að við þurfum að ná betur til aldurshópsins 16-20 með heilbriggt og skapandi tómstundastarf. Hins vegar er rétt að áréttta það að mikilvægasti þátturinn er samvera með foreldrum og að unga fólk sé hvatt áfram af sínum nánustu á jákvæðan hátt. Ef okkur tekst að styrkja enn frekar það viðhorf að börn og ungmenni séu það dýrmætasta sem við eigum þá er mikið unnið.

Nú hefur mikið verið talað um að mikil áfengis- og vímuefnaneysla sé meðal ungmenna í Garðabæ, telur þú það eiga við rök að styðjast?

Við höfum látið gera reglulega kannanir hjá ungum fólki allt frá árinu 1980

þar sem við höfum m.a. spurt um neyslu áfengis og vímuefna. Í samamburði við landið og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu höfum við oftast verið undir meðaltalinu en líka örlítið fyrir ofan. Úr þessum könnunum les ég að neysla í Garðabæ er ekki meiri en gengur og gerist. Það er þó ekki svo að við höfum ekki áhyggjur, almennt er neysla ungs fólks á áfengi og vímuefnum of mikil og aldrei ásætlanleg. Mín draumasýn er að ungmenni láti vímuefna alveg eiga sig, bíði með slíka hluti og taki ákvörðun þegar aldri og þroska er náð.

Hafa bæjaryfirvöld gert einhverjar ráðstafanir til að sporna gegn áfengis- og vímuefnaneyslu meðal ungmenna í Garðabæ?

Já við höfum gert ýmislegt og í reynd má segja að allt okkar starf með börnum og ungmennum miði að því að efla einstaklinginn til að geta sagt nei við vímuefnum. Í lit svo á að forvarnir felist m.a. í heilbrigðu og öflugum skóla- íþrótt- og tómstundastarfi hverskonar. Þá er og mikilvægt að við sem bæjarfélag sköpum sterkt viðhorf og þess vegna menningu sem spornar gegn neyslu vímuefna. Samfélagið Garðabær á að segja nei við neyslu ungs fólks á vímuefnum. Mér er líka hugsað til þess að því betri lífsgæði sem við sköpum fyrir fjölskyldurnar því meiri möguleikar eru á að uppvaxtarskilyrði barna og ungmenna verði betri.

Hvaða skoðun hefur þú á aðgerðunum við Kárahnjúka og stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar yfirhöfuð?

Þær umræður sem undanfarið hafa sett mark sitt á þjóðfélagið í tengslum við Kárahnjúka var um margt þörf og nauðsynleg. Við Íslendingar eigum að geta vel að umhverfismálum. Mjög mikilvægt er að þessi umræða

fari fram á faglegum nótum og laus við þær öfgar sem því miður ein-kennir oft umræðuna um þennan málaflokk.

Ég hef verið fylgjandi Kárahnjúkavirkjun með tilliti til atvinnuuppbyggingar á Austurlandi. Virkjunin hefur til lengri tíma jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf í heild sinni og er eðlileg nýting á þeim auðlindum sem við höfum yfir að ráða. Ég hef séð hvernig mannlífið þarna fyrir austan hefur lifnað við, mikil hjartástand ríkjandi í stað deyfðar og vonleysis áður. Um leið og ég segi að ég er í þessu tilfelli fylgjandi Kárahnjúkavirkjun þá vil ég vernda náttúruna sem mest. Þessi afstaða til Kárahnjúkavirkjunar þýðir þó ekki að ég sé fylgjandi öllum virkjunum eða þá að ég telji að nýta eigi orku slíkra virkjana eingöngu til uppbyggingar í áliðnaði. Fléttast þar saman bæði afstaða til umhverfisins og efnahagslegir þættir. Í stuttu máli má segja að Íslendingar ættu að horfa fram á veginn og gera útflutningstekjur ekki eingöngu háðar fiski og áli. Ég held því fram að það sé bæði hægt að vera verndunarsinni og nýtingarsinni ef svo má að orði komast. Við eigum að fara varlega, íhuga vel hvað við viljum virkja og hvað alls ekki. Ég man þá tíð í Hafnarfirði áður en Straumsvík byggðist upp, atvinnuleysi m.a. hjá föður mínum sem hafði ekki góð áhrif á fjölskylduna. Hann fékk vinnu í Straumsvík og lífið tók stakkarskiptum á þeim bæ.

Hvaða skoðun hefur þú á afnámi innflutningstolla og hvaða afleiðingar telurðu að það geti haft?

Almennt er ég á móti tollum og vörugjöldum þar sem þeir hindra frjáls viðskipti milli þjóða, skerða samkeppni og viðhalda óhagkvæmni í efnahagslífi heims. Eins geta þeir haft þau áhrif að loka mörkuðum

ríkra þjóða fyrir vörum frá þróunarríkjum og með því viðhaldið fátækt slíkra þjóða. Til að setja þetta atriði í samhengi má nefna að fyrir Ísland- inga skipiur gríðarlegu miklu máli efnahagslega að markaðir séu opnir fyrir okkar fiskafuðrum svo dæmi sé tekið.

Hyggjast bæjaryfirvöld Garðabæjar reyna að auka pólitískan áhuga meðal ungmenna á þennum á einhverjum hátt?

Það er fyrst og fremst flokkanna að reyna að kveikja áhuga hjá ungu fólki að taka þátt í pólitísku starfi. Ég lít svo á að skylda bæjaryfirvalda snúi frekar að því að auka möguleika fólks á að taka virkari þátt í umræðum um hin ýmsu mál bæði á opnum fundum og í gegnum Minn Garðabæ. Mikil hefur verið rætt um aukið íbúalýðræði í þessu samhengi. Ég vil fyrst og fremst skapa ungu fólki möguleika á að koma skoðunum sínum á framfæri og taka þátt í umræðunni.

Nú er starfrætt svokallað Reykjavíkurráð í Reykjavík en það er ráð ungmenna sem hafa það verkefni að koma skoðunum ungmenna á framfæri í borginni og hafa t.d. komið máli sínu til skila á borgarstjórnarfundum. Hefur aldrei komið til greina að hálfu bæjaryfirvalda í Garðabæ að seja slíkt ráð á lagðinnar?

Ég minnst þess ekki að slíkar hugmyndir hafi verið hér hjá okkur, en ég útiloka það alls ekki að slíkt geti orðið að veruleika í framtíðinni. Það gerist hins vegar nokkuð oft að við fáum erindi frá hinum ýmsu hópum ungs fólks með óskir um eitt og annað er snýr að umhverfi þess. Slík erindi fá eðlilega meðferð í stjórnslunni, þau eru lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn og öllum erindum svarað í takt við afstöðu bæjarstjórnar.

Telur þú ungmenni í Garðabæ vera ánægð með stíjandi bæjarstjórn?

Hér get ég aðeins vitnað í þær kannanir sem við höfum látið gera á meðal bæjarbúa um þá þjónustu sem bærinn veitir og þær ákvarðanir sem teknar hafa verið t.d. í skipulagsmálum. Í þessum könnunum hefur komið fram almenn ánægja með flesta þætti er snúa að þjónustu okkar. Við getum að sjálfsgöðu gert betur á ýmsum sviðum. Á fjögurra ára fresti er svo stóra könnunin sem eru sveitarstjórnarkosningar. Núverandi meirihluti fékk í síðustu kosningu afgerandi kosningu og það hlýtur að segja eitthvað. Það er örugglega eitthvað sem unga fólkið er ekki fyllilega ánæggt með hjá bæjarstjórninni, en það er þá verkefni til að leysa og

reyna að koma þannig til móts við óskir unga fólksins eins vel og mögulegt er.

Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið við völd í Garðabæ síðan 1966, er ástæða til þess að breyta um lit á þennum?

Ég ber mikla virðingu fyrir lýðræðinu. Meirihluti íbúa í Garðabæ vill hafa Sjálfstæðisflokkinn hér í meirihluta, það fer ekki á milli mála. Það finnst mér aðalatriðið en ekki hversu lengi einhver hefur verið við völd. Á hitt ber líka að líta að í flokkum verður endurnýjun á fólki með nýjar áherslur.

Og að lokum. Hver er þín tilfinning fyrir gengi Sjálfstæðisflokksins í alþingiskosningunum í vor?

Sjálfstæðisflokknum á eftir að ganga vel að mínu mati. Hann er vel mannaður og núverandi ríkisstjórn á að baki eitt mesta framfaraskið í Íslandssögunni. Ég sé ekki þær ástæður sem geta dregið úr fylgi hans á þessum tímum. Það er þó langur tími fram að kosningum og ýmislegt sem getur gerst. Ég myndi vilja sjá kröftugri umræðu innan flokksins um umhverfismál og að hann taki afgerandi forystu í þeim málaflokki.

Vissir þú..

- að tónlistarskóli Garðabæjar kostar bæjarbúa um 95 milljónir króna á ári?
- að Garðabær greiðir um 56 milljónir króna til Strætó BS á ári?
- að rekstur bæjarskrifstofa Garðabæjar kostar bæjarbúa um 175 milljónir króna á ári?

Heimild: fjárhagsáætlun Garðabæjar 2006

Bjarni Benediktsson



Hver er Bjarni Benediktsson?

Þetta er 36 ára náungi sem ólst upp í Garðabænum og býr þar enn með konu og þremur börnum. Hann hefur fengið við ýmislegt t.d. verið í íþróttum og lögmennsku en rataði inn á vettvang stjórnmálanna í upphafi þessa kjörtímabils.

Hver er ástæða þess að þú sóttist eftir að komast á þing?

Sá mikli árangur sem stefna Sjálfstæðisflokksins hafði borið undanfarinn áratug varð mér hvatning til þess að taka þátt í stjórnmálum. Ég sóttist eftir því að komast á þing til þess að láta gott af mér leiða.

Hvers vegna ákvaðst þú að gefa kost á þér í 2. sætið í komandi prófkjöri sjálfstæðismanna í Kraganum?

Ég vil með því undirstrika að ég hef metnað til þess að starfa í fremstu vöglínu flokksins.

Hefur ungliðastarfi Sjálfstæðisflokksins hjálpað þér eða haft áhrif á þig sem þingmaður?

Í ungliðastarfi Sjálfstæðisflokksins byrjaði ég að velta fyrir mér ýmsum pólitískum álitafnum og það kveikti hjá mér frekari áhuga á stjórnmálastarfi. Að því leyti hefur það haft mikil áhrif. Sumir þeirra sem ég kynntist í ungliðastarfinu eru með mér á þingi í dag.

Er Alþingi góður vinnustaður?

Alþingi er prýðisgóður vinnustaður, það ríkir góður starfsandi og mjög hæfir starfsmenn. Ég tel að það megi huga að

styrkingu innviða þingsins og gera þing-ið betur í stakk búið til að fást við meginverkefni sín en mér líður vel á þessum vinnustað. Hér eru mikil tækifæri til að hafa áhrif og óendanleg verkefni.

Hvernig Ísland séðu fyrir þér á næstu árunum?

Ég sé fyrir mér Ísland sem fyrirmynd annarra þjóða í lífsgæðum, frelsi borgaranna og tækifæra fyrir einstaklinga og atvinnulíf. Ég vil sjá kosti einkaframtskins njóta sín víðar, t.d. í heilbrigðismálum því ég trúi því að þannig getum við byggt enn öflugara velferðarkerfi. Það sýna þær breytingar sem gerðar hafa verið á menntakerfinu.

Telur þú að ríkið eigi að reka fjölmöðla?

Mér finnst ekki æskilegt að ríkið reki fjölmöðla og best væri ef einkaaðilar myndu alfarið sjá um að sjá okkur fyrir fréttum, fræðslu, menningar- og alþreyingarefni.

Telurðu að vernda eigi íslenskan landbúnað með umflutningsstólum og styrkjum?

Ef við leggjum hreinan hagfræðilegan mælikvarða á þessa spurningu er svarið nei. Ef enginn landbúnaður væri stundaður á Íslandi í landi í dag myndi ég mæla gegn því að ríkið stuðlaði að nýrri landbúnaðarframleiðslu í skjóli styrkja og tolla. Hins vegar búum við í dag við ákveðinn venuleika sem taka verður tillit til þegar gerðar eru breytingar. Væntingar um niðurfellingu tolla og afnám allrar verndar í einu vefangi eru óraunhæfar. Ég tel að leita eigi leiða til að ná sátt um breytingar í rétta átt og mér finnst mikilvægt að við höldum í það sem vel er gert í íslenskum landbúnaði í dag.

Aðskilnaður ríkis og kirkju hefur verið í un-neðunni í nokkurn tíma. Hver er þín skoðun?

Ég er sammála meginhugmyndinni en hún er alls ekki auðveld í framkvæmd. Þeir sem eru áhugsamir um þetta ættu að kynna sér flækjurnar sem leysa þarf úr vegna ýmissa fyrri gerninga milli ríkis og kirkju. Málin hafa þó verið að þróast í rétta átt hægt og bitandi.

Vor stuðningur Íslands við Íraksstríðið mistök?

Nei, ég tel að stuðningur ríkisstjórnarinnar við Íraksstríðið hafi ekki verið mistök. Hins vegar hafa verið gerð mörg mistök í Írak síðan stríðið hófst. Ákvörðunina um stuðning verða menn að skoða í ljósi stöðunnar eins og hún var þegar á þeim tíma. Það er mikið fagnaðarefni að Saddam Hussein sé ekki við völd í Írak í dag.

Myndir þú segja að þú værir hugsjónamaður?

Allir sem starfa í stjórnmálum verða að hafa hugsjónir til að berjast fyrir. Ég hef vissulega hugsjónir og ég tel mig einnig hafa sterka réttlætískenn. Mér finnst mikilvægt að leitast við að finna raunhæfar lausnir á þeim viðfangsefnum sem glíma þarf við í starfinu. Eitt ef því erfiða í starfi stjórnmálamannsins er að þurfa að setta sig við ýmis konar mála-miðlanir frá hugsjónum sínum.

Nú þegar þú ert að ljúka þínu fyrsta kjörtímabili sem þingmaður, munst þú gera tilkall í ráðherra-stóls haldi flokkarinn ífram í ríkisstjórn?

Ég neita því ekki að á meðan ég er í stjórnmálum er það markmið einn daginn að komast í ríkisstjórn. Hins vegar er það næst á dagskrá hjá mér að fara í prófkjör og síðan kosningar næsta vor. Þetta er nóg til að hugsa um í bili.

Hvað er það sem þú ert stoltastur af í starfi þínu sem þingmaður?

Ég er stoltur af því að hafa tekið þátt í því að lækka skatta, auka um leið fram-lög til velferðarmála og greiða niður skuldir ríkissjóðs.

Er eitthvað sem þú sést eftir?

Ég velti því mjög fyrir mér hvort skynsamlegt hafi verið að hækka hámarks-lán Íbúðarlánasjóðs á kjörtímabilinu. Það virðist hafa hrint af stað ferli sem skem áhrif hafði á hagkerfið.

Eitthvað að lokum?

Ég vonast til þess að hiitta sem flesta unga sjálfstæðismenn í prófkjörsbaráttunni og hvet ungt fólk til að taka þátt í stjórnmálum. Á grundvelli stefnu Sjálfstæðisflokksins er hægt að vinna þjóðinni mikið gagn.

Árman Kr. Ólafsson



Hver er Árman Kr. Ólafsson?

Ég er fæddur á Akureyri og uppallinn þar að mestu. Reyndar þjó ég um tíma á Þverá í Öxnadal og á Patreksfirði sem unglingur. Fluttist suður 1987 og lauk námi í stjórnláfræði frá H.Í.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sækjast eftir þriðja sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi?

Ég hef lengi haft mikinn áhuga á pólitík og hef starfað í henni af fullum krafti síðastliðin 20 ár. Ég tel mig hafa þónokkra reynslu sem getur nýst Sjálfstæðisflokknum og kjósendum hans inni á Alþingi. Síðastliðin átta ár hef ég verið bæjarfulltrúi í Kópavogi þar sem ég hef m.a. haft skóla- og skipulagsmál á mínu forræði. Þá hef ég verið aðstoðarmaður tveggja ráðherra á tólfta ár í þremur ráðuneytum; samgöngu, sjávarútvegs og fjármálaráðuneyti.

Nú hefur þú gegnt stöðu aðstoðarmanns ráðherra til fjölda ára. Telur þú að það hafi hvatt þig til að gefa kost á þér til þingmennsku?

Það er engin spurning að ég hef haft mikla ánægju af þessu starfi. Ég hef ánægju af að starfa í pólitík og

sú reynsla sem ég hef hlotið í þessu starfi á mikinn þátt í því að ég ákvað að gefa kost á mér í prófkjörinu.

Hvernig myndir þú skilgreina þig í stjórnmálum?

Ég aðhyllist hin klassísku gildi sjálfstæðisstefnunnar, stétt með stétt, þar sem frelsi og áherslan á einstaklingsframtakið slær grunntóninn. Ég legg samt sem áður ríka áherslu á að þjóðfélagsskipunin sé með þeim hætti að við höfum öflugt grunnet sem tryggir jafnræði einstaklinganna um leið og það tryggir öryggi þeirra sem af einhverjum ástæðum verða fyrir skakkaföllum í lífinu.

Tókst þú þátt í starfi ungra sjálfstæðismanna?

Já ég sat í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna um nokkurt skeið, var í framkvæmdastjórn og hélt utan um budduna hjá samtökunum.

Hafa skoðanir ungra sjálfstæðismanna áhrif á þig sem stjórnmálaman?

Alveg klárlega. Skoðanir og starf ungra sjálfstæðismanna er nokkuð sem maður byggir á alla ævi. Ungir sjálfstæðismenn eru ófeimnir við að veita skoðunum sínum framrás enda er oft á tíðum sagt að þeir séu samviska flokksins. Ungt sjálfstæðisfólk er ófeimið við að minna á grunngildi flokksins þegar þeim finnst að þeir sem eru í framvarðasveitinni fari út af sporinu.

Hvað finnst þér um verndartolla og opinbera styrki til íslenskra framleiðenda, svo sem í landbúnaði?

Ég vil að við brjótumst út úr því kerfi sem við búum við í dag og tel að það sé í raun engum til góðs, hvorki bændum né neytendum. Þó að það þurfi að gerast í skrefum þá verður ekki við annað unað en að matvælavæð hér á landi verði sambærilegt við þau lönd sem við

berum okkur helst saman við. Það er nú þegar hægt að afnema tolla og vörugjöld af verksmiðjuframleiddu kjöti eins og kjúklinga- og svínakjöti. Slík aðgerð mynd nánast samstundis toga verðið niður á ýmsum öðrum matvörum.

Finnst þér að ríkið eigi að reka fjölmiðla?

Nei það finnst mér ekki. Ég hef þó sagt að mér finnst í lagi að gamla gufan sé rekin af ríkinu. Hins vegar má ná fram markmiðum um framleiðslu á íslensku efni og markmiðum um ákveðna tegund af efni með öðrum aðferðum en ríkisrekstri.

Hvað finnst þér um aðskilnað ríkis og kirkju?

Ég hef verið fylgjandi þeim aðskilnaði og hef alltaf greitt atkvæði með því innan flokksins. Hins vegar verð ég að viðurkenna að mér finnst óþægilegt að sjá hvað kirkjan á oft á tíðum erfitt með að höndla ýmis af sínum innri málum og það dregur aðeins úr fylgispekt við þessa skoðun mína.

Hvað finnst þér um skólagjöld á framhalds- og háskólastigi?

Ég er þeim fylgjandi svo framarlega sem það tryggir áfram jafnrétti til náms. Ég tel að skólagjöld verði einungis til þess að efla skólana. Það má hugsa sér margar útfærslur á þessu.

Finnst þér að trúfélög eigi að hafa aðstöðu innan grunnskóla og aðgang að börnum til að stunda starfsemi á þeim vettvangi?

Nei það finnst mér ekki. Hins vegar tel ég að það hafi aldrei verið eins mikilvægt og núna að leggja mikla áherslu á kennslu trúarbragða. Þá á ég að sjálfsgöðu við fleiri trúarbrögð en kristinfræði. Slík kennsla er gott veganesti fyrir börnin í því alþjóðlega umhverfi sem þau koma til með að lifa og hrærast í.

Geta ungr Sjálfstæðismenn treyst á að þú munir berjast fyrir lækku skatta á þingi?

Þeir geta alveg treyst því.

Hver verða aðalmálin í kosningabaráttunni í vor að þínu mati?

Hvað varðar unga kjósendur þá held að það eigi eftir að verða mikil umræða um húsnæðismálin. Fyrst við erum á annað borð að veita fjármunum til þeirra sem fjárfest hafa í húsnæði þá verðum við að fara að koma á kerfi sem hvetur til eignamyndunar en ekki skuldasöfnunar eins og vaxtabótakerfið gerir. Þá er ég sannfærður um að mikið verður rætt um mennta- heilbrigðis- og umhverfismál. Þá munu málefni eldri borgara verða í brennidepli,

sérstaklega valfrelsi þeirra í húsnæðisúrræðum og íþyngjandi áhrif tekjutengingar.

Hvers vegna ætti ungt fólk að kjósa þig?

Fyrst og fremst vegna stefnumála minna sem má lesa um á heimsíðu minni www.armannkr.is. Þar legg ég áherslu á menntamál, fjölskyldumál, umhverfismál og málefni eldri borgara svo eitthvað sé nefnt. Ég tel líka að sú reynsla sem ég sagði frá hér að framan sé gott veganesti til þess að fylgja stefnumálum mínum eftir inn á Alþingi. Þá hef ég kynnst því hvernig það er að stofna fyrirtæki með tvær hendur tómar og koma því á legg. Sú reynsla nýttist

ekki síður í störfum á Alþingi.

Eitthvað að lokum?

Ég hvet sem flesta til þess að taka þátt í þessu prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi. Sjálfur hlakka ég til þeirra daga sem framundan eru og vonast eftir drengilegri baráttu.

Ályktun stjórnar um fækkun nefnda og ráða í bænum.

Stjórn Hugins telur að tækifæri sé í Garðabæ til fækkunar nefnda. Nefndarseta er launuð og kostar bæjarfélagið og útsvarsgreiðendur milljónir. Bæjarstjórn ætti að leita leiða til að minnka þá útgjaldaliði líkt og aðra.

Hugmynd um sameiningu og fækkun nefnda:

Bæjarstjórn

Bæjarráð

Kjörstjórn

Bygginga- atvinnu- og tækniþróunarnefnd

(Atvinnu- og tækniþróunarnefnd, Byggingar-nefnd)

Skólanefnd Garðabæjar

(Skólanefnd grunnskóla, Leikskólanefnd, Skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar)

Skipulags- og umhverfisnefnd

(Umhverfisnefnd, Umferðarnefnd, Skipulagsnefnd)

Íþróttá- menningar- og forvarnanefnd

(Íþróttá- og tómstundaráð, Forvarnanefnd, Menningar- og safnanefnd)

Nefnd um málefni eldri borgara

(Nefnd um málefni eldri borgara, Stjórn hjúkrunarheimilisins Holsbúðar)

Fjölskylduráð

Samtals fækkun um átta nefndir:

Samþykkt 2. nóv. 2006

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir



Hver er Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir?

Hún er rúmlega fertugur Hafnirföngur, þriggja barna móðir, menntaður lögfræðingur og þingmaður Reykjanes- og síðar Suðvesturkjördæmis frá árinu 1999. Hún hefur gegnt embætti menntamálaráðherra undanfarið þrjú ár.

Hvernig myndir þú skilgreina þig í stjórnmálum?

Ég myndi skilgreina mig sem gamaldags sjálfstæðismann. Ég er fjálslynd í skoðunum, legg áherslu á markaðslausnir en jafnframt að gætt verði að hinu félagslega öryggisneti.

Hefur þú augastað á öðru ráðherraembætti en því sem þú gegnir í dag?

Ég verð nú að segja eins og er að ég get ekki hugsað mér skemmtilegra og meira gefandi starf en það sem ég gegni í dag. Menntamálin eru eitt mikilvægasta mál samtíðarinnar og einstaklega spennandi málaflokkur. Ég hef því ekki „augastað“ á einhverju öðru ráðherraembætti þótt enginn viði hvað framtíðin ber í skauti sér.

Tókst þú þátt í starfi ungra sjálfstæðismanna?

Ég gerði það og fór m.a. á nokkur SUS-þing. Þetta var skemmtilegur tími. Þarna mótuðust skoðanir mínar á pólitík að einhverju leyti og ég kynntist mikið af góðu fólki sem ég á

gott samstarf við enn í dag.

Hafa skoðanir ungra sjálfstæðismanna áhrif á þig sem stjórnmálaman?

Að sjálfsgöðu hafa þær það. Sú umræða sem á sér stað á vettvangi ungra sjálfstæðismanna hverju sinni hefur ávallt verið ein helsta hugmyndauppsetta Sjálfstæðisflokksins. Vissulega eru ungir sjálfstæðismenn ekki alltaf sammála öllu því sem þingmenn og ráðherrar flokksins eru að gera. Þannig á það hins vegar líka að vera og það aðhald sem við fáum frá ungum sjálfstæðismönnum er hollt og gott.

Hvað finnst þér um verndartolla og opinbera styrki til íslenskra framleiðenda, svo sem í landbúnaði?

Ég tel verndartolla vera einhverja vitlausustu leið sem hægt er að fara til að ná tilteknum markmiðum. Það verður að finna aðra lausn á því hvernig við getum haldið uppi blómlegum íslenskum landbúnaði en það verður að gerast í sátt bæði við neytendur og bændur. Þær afurðir sem íslenskir bændur framleiða eru stórkostlegar.

Finnst þér eðlilegt að ríkið reki þrjá fjölmiðla?

Ég tel að það sé ekki sjálfgefið og einhvers konar náttúrulögmál að ríkið reki fjölmiðil. Hlutverk þess verður að vera skýrt og afmarkað. Á Íslandi líkt og í öðrum Evrópuríkjum er löng og rík hefð fyrir því að starfrækt sé útvarp og sjónvarp sem eins konar almannatjónusta. Ég er þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið gegni mikilvægu menningarhlutverki í okkar samfélagi. Ef það hins vegar sinnir ekki því hlutverki er engin ástæða til að ríkið haldi úti fjölmiðli.

Hvað finnst þér um skólagjöld á framhalds- og háskólastigi?

Ég tel að allir eigi að geta sótt nám á framhaldsskólastigi án þess að greiða

skólagjöld enda má segja að framhaldsskólinn sé orðinn hluti af hinni almennu skólagöngu ungmenna. Ég tel hins vegar eðlilegt að einnig séu starfræktir einkareknir framhaldsskólar sem taka hófleg gjöld líkt og Verslunarskólinn gerir. Skólagjöld í háskólum eru annað mál enda má færa rök fyrir því að ekki sé óeðlilegt að einstaklingar taki þátt í þeim kostnaði sem fylgir því að afla sér háskólamenntunar. Sú menntun skilar einstaklingunum yfirleitt mun hærri ævitekjum og spyrja má hver beri kostnaðinn ef þeir gera það ekki sjálfir. Jú, væntanlega þeir sem afla sér ekki háskólamenntunar og hvert er réttlætið í því? Þetta er hins vegar hluti af mun stærra máli sem er fjármögnun háskólamenntunar. Umræðan um skólagjöld á það hins vegar til að einkennast af upphröpunum og fordómum. Mikilvægt er að fjárframlög til háskólanna haldi áfram að aukast. Svo hefur verið á undanförmum árum en framlög til háskólanna hafa tvöfaldað á örfáum árum og við erum að auka þau svo milljörðum nemur á hverju ári. Fleiri þurfa að koma að þeirri fjármögnun en ríkisvaldið, ég nefni sem dæmi atvinnulíf.

Finnst þér að trúfélög eigi að hafa aðstöðu innan grunnskóla og aðgang að börnum til að stunda starfsemi á þeim vettvangi?

Ég tel ekki óeðlilegt að trúfélög geti innan einhverra marka fengið aðstöðu innan grunnskóla til að iðka þar tólmundastarf með börnum rétt eins og önnur félagsamtök og íþróttafélög fá að gera utan hins hefðbundna skólastarfs. Skólinn á hins vegar ekki að vera vettvangur trúboðs.

Hverju ertu stollust af í starfi þínu sem ráðherra?

Ég er stolt af þeim breytingum sem eru að verða á vettvangi háskóla. Við erum ekki einungis að sjá gif-

urlega fjölgun nemenda og aukin framlög til háskólamála. Með nýjum háskólalögum er verið að færa háskólana inn í hið alþjóðlega starfs- umhverfi og gera skýrar kröfur í gæðamálum. Háskólarnir eru einnig að verða stærri og öflugri, t.d. með sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskólans og hugsanlegri sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands. Með stærri einingum verða þeir samkeppnishæfari á alþjóðavettvangi. Einnig vil ég nefna þá breytingu sem tekur gildi nú um áramótin og styrkir réttarstöðu sjálfstæðra skóla enda hefur tilvist þeirra aukid fjölbreytni í skólakerfinu eins og menn þekka gjörla í Garðabænum.

Hverju sérdú mest eftir í starfi þínu sem ráðherra?

Ég sé ekki eftir neinu sérstöku.. svona í bili.

Hver verða aðalmálin í kosningabaráttunni í vor að þínu mati?

Próunin á Íslandi undanfarin ár hefur verið engu lík. Við höfum gengið í gegnum eitt mesta framfaraskið Íslandssögunnar á nær öllum sviðum. Hagvöxtur hefur verið langt umfram það sem gengur og gerist í öðrum vestrænum ríkjum og kaupmáttur hefur aukist gífurlega. Íslenskt þjóðfélag er ekki einungis auðugra, heldur fjálsara, fjölbreyttara og skemmtilegra. Það hefur aldrei verið eins spennandi að vera Íslendingur og í dag og tækifærin sem standa ungum Íslendingum til boða hafa aldrei verið fleiri. Í vor verður kosið um það hvort við ætlum að halda áfram á þessari braut eða hverfa aftur til fortíðar.

Hvers vegna ætli ungt fólk að kjósa þig?

Ég hef í störfum mínum haft að leið-

arljósi að auka val og fjölga tækifærum ungs fólks í lífinu. Fyrst og síðast hef ég þó stutt hina klassisku sjálfstæðisstefnu sem margsinnis hefur sýnt það og sannað að hún er besta leiðin til að stuðla að aukinni velferð og lífshamingju fólks, á öllum aldri.

Eitthvað að lokum?

Ég hvet alla sjálfstæðismenn til að mæta og kjósa í prófkjörinu. Það er þýðingarmikið að við sýnum samstöðu og eindregni en með því móti leggjum við grunn að glæstum sigri okkar í vor.

Hvað er Samband ungra sjálfstæðismanna?

Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS) er samband allra svæðisbundnu sjálfstæðisfélaga ungs fólks á aldrinum 15 til 35 ára. Félögin eru 38 talsins, þar af er Heimdallur í Reykjavík stærsta félagið. Um 11.000 ungir sjálfstæðismenn eiga aðild að sambandinu, sem var stofnað á Þingvöllum 27. júní árið 1930.

Sambandsþing eru haldin annað hvert ár í ágúst eða september þar sem formaður og 26 stjórnarmenn úr öllum kjördæmum landsins eru kjörnir til tveggja ára. Þess á milli eru haldin mál- efnáþing. Stjórnin hittist að jafnaði mánaðarlega. Fimm manna framkvæmdastjórn, sem fer með daglegan rekstur sambandsins kemur saman vikulega. Skrifstofa sambandsins er í Valhöll við Háaleitisbraut 1.

Ragnheiður Elín Árnadóttir



Hver er Ragnheiður Elín Árnadóttir?

Ég er 39 ára gamall Garðbæingur, ættuð úr Keflavík. Ólst upp í bítlabænum og bjó þar meira og minna fram að háskólanámi. Ég er stúdent úr Kvennaskólanum í Reykjavík, með BA próf í stjórnmálafræði frá H.Í. og Masterspróf í alþjóðastjórnmálum frá Georgetown háskóla í Washington D.C. í Bandaríkjunum. Ég er gift Guðjóni Inga Guðjónssyni, framkvæmdastjóra Sirius ehf, og við eigum einn son, Árna Þór sem er stoltur Bangsadeildarstrákur á Kirkjubóli. Ég á líka tvær stjúpdætur, Gígju og Karítas.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sekjast eftir fjórða sæti í próffjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi?

Ég hef starfað baksviðs í stjórnmálum í rúmlega 8 ár sem aðstoðarmaður ráðherra, Geirs H. Haarde, fyrst í fjármálaráðuneytinu, svo utanríkis- og nú í forsætisráðuneytinu. Í starfi mínu hef ég notið þeirra forrétinda að sjá hugmyndir fæðast og hugsjónir verða að veruleika. Ég hef tekið beinan þátt í að koma hugsjónum sjálfstæðisstefnunnar í framkvæmd, skattar hafa verið lækkaðir, ríkisreksturinn einfaldaður og frelsi aukid á öllum sviðum þjóðfélagsins. Þetta hefur verið afar gefandi, mikill árangur náðst – en það eru enn næg verkefni framundan. Þess vegna langar mig

að taka þátt í stjórnmálum.

Nú hefur þú gegnt stöðu aðstoðarmanns ráðherra til fjölda ára. Telur þú að það hafi hvatt þig til að gefa kost á þér til þingmennsku?

Tvímælaust. Ég hef lifað og hrærst í stjórnmálum síðastiðin ár og hef fengið bakteríuna. Nú langar mig að spreyta mig á mínum eigin forsendum.

Hvernig myndir þú skilgreina þig í stjórnmálum?

Ég er hægri maður í stjórnmálum, ég er sjálfstæðismaður. Sjálfstæðisstefnian er mitt leidarljós þar sem virðing fyrir einstaklingnum, ungum sem öldnum, er sett í öndvegi.

Tókst þú þátt í starfi ungra sjálfstæðismanna?

Nei, ég gerði það ekki, ég hóf ekki beina þátttöku í stjórnmálastarfi fyrir en að loknu háskólanámi í Bandaríkjunum.

Hafa skoðanir ungra sjálfstæðismanna áhrif á þig sem stjórnmálamaðmann?

Já, ég ber mikla virðingu fyrir skoðunum ungra sjálfstæðismanna. Ungir sjálfstæðismenn eru samvíska flokksins og gegna þannig afar mikilvægu hlutverki. Þeir eiga að halda flokknunum við efnið, koma með nýjar hugmyndir og móta stefnu til framtíðar. Flokkur eins og Sjálfstæðisflokkurinn þarf alltaf að hugsa hátt og vera óhræddur við breytingar. Fjölmargar hugmyndir ungra sjálfstæðismanna sem þóttu afar róttækar á þeim tíma þegar þær voru settar fram eru nú taldar sjálfsagðar. Máttur ykkar er því mikill.

Hvað finnst þér um verndartolla og opinbera styrki til íslenskra framleiðenda, svo sem í landbúnaði?

Ég held að sá einstaklingur sé vandfundinn sem lýsi sig almennt hlynntan verndartollum. Ég vil sjá lögmál

markaðarins að verki í sem flestum greinum og tel íslenskan landbúnað hafa fulla burði til þess að standa á eigin fótum í samkeppnisumhverfi. En slíkar breytingar gerast ekki yfir nótt og ég tel mikilvægt að gæta þess að gefa greininni tíma til að aðlagast breyttum aðstæðum.

Finnst þér að ríkið eigi að reka fjölmíðla?

Nei, það finnst mér ekki. Ég tel hins vegar að líkt og með landbúnaðinum sem spurt er um hér að framan, þá munu breytingar á eignarhaldi ríkisins á fjölmíðlum þurfa tíma til að ná í gegn.

Hvað finnst þér um aðskilnað ríkis og kirkju?

Ég er hlynnt því að skoða aðskilnað ríkis og kirkju.

Hvað finnst þér um skólagjöld á framhalds- og háskólastigi?

Ég er hlynnt hóflegum skólagjöldum. Ástæðan er einföld, ég tel að menn beri síður virðingu fyrir hlutum sem eru „ókeypis“.

Finnst þér að trífélög eigi að hafa aðstöðu innan grunnskóla og aðgang að börnum til að stunda starfsemi á þeim vettvangi?

Ég er hlynnt því að fólk hafi val hvort sem það varðar trúmál eða eitthvað annað. Ég sem foreldri set þó fyrirvara við það að grunnskólinn sé vettvangur slíkrar starfsemi.

Telur þú að ríkið eigi að berjast gegn launamissrétti kynja með lagasetningum eða með öðrum afskiptum svo sem jákvæðri mismunum?

Jafnrétti kynjanna er staðfest í stjórnarskrá Íslands, en þar stendur að konur og karlar eigi að njóta jafnréttis í hvívetna. Það vantar ekkert upp á lagasetningu hvað varðar jafnréttismál og í raun er löggjafinn kominn lengra en aðrir hvað þetta varðar. Það er þannig ólöglegt að mismuna körlum og konum í launamálum. Ég tel því enga þörf á frekari lagasetningu.

ingu og er andvíg jákvæðri mismun- un. Launamunur kynjanna er hins vegar ákveðið vandamál sem þarf að uppræta, en ekki með valdboði frá ríkinu.

Hver verða aðalmálin í kosningabaráttunni í vor að þínu mati?

Ég tel að allar kosningar snúist á endanum um efnahagsmál og í vor snúast þær um hverjum kjósendur treysta best til að tryggja hér áfram-

haldandi velmegun. Ég á einnig von á að umhverfismálin verði ofarlega á baugi í vor, sem og samgöngumál og málefni aldraðra. Stjórnarandstaðan í örvæntingarfullri baráttu sinni við að komast í ríkisstjórn mun reyna að ala á óánægju og misklið í þjóðfélaginu þannig að við sjálfstæðismenn verðum að koma sterkir og samhentir til leiks til að koma í veg fyrir það stórslys sem vinstri stjórn væri fyrir íslenskt samfélag.

Hvers vegna ætti ungt fólk að kjósa þig?

Ég vona að ungt fólk kjósi mig vegna þess að það trúi því að ég verði sterkur málsvari sjálfstæðisstefnunnar á Alþingi. Ég mun leggja mig alla fram við það.

Eitthvað að lokum?

Áfram X-D – Ragnheiður Elín í 4. sætið!

Áttu barn í grunnskóla?



Með því að skrá þig inn á **Minn Garðabæ** geturðu með einum smelli tengst fjölskylduvef Mentors þar sem þú færð upplýsingar frá skóla barnsins þíns.

Þar sérðu meðal annars:

- Upplýsingar um heimanám barnanna
- Upplýsingar um ástundun og mætingu
- Tilkynningar frá umsjónarkennara

Börnin þín

Guðmundur Ísak
Jóhannsson
Sóley Jóhannsdóttir

Vantar þig lykilorð að **Mínum Garðabæ?**

Sendu póst á netfangið:
gardabaer@gardabaer.is eða sæktu um lykilorð á vefnum.

Afgjafingastofa Guðrúnar Önnu

www.gardabaer.is



Minn Garðabæ



GARDABÆR

Steinunn Guðnadóttir



Hver er Steinunn Guðnadóttir?

Ég er móðir tveggja drengja og tveggja stúlkna á áldrinum 13-24. Ég er íþróttakennari að mennt og starfa í dag sem íþróttakennari við endurhæfingardeild Hrafnistu í Hafnarfirði. Ásamt því að vera í meistaranámi í mennta- og menningarstjórnun við Viskiptaháskólann að Bifröst.

Síðastliðin átta ár var ég bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði. Ég var formaður skólanevndar á árunum 1998-2002, en á því kjörtímabili náðist að einsetja sex af sjö grunnskólum Hafnarfjarðar. Farnar voru nýjar leiðir við byggingu og rekstur grunnskólaskólahúsnæðis á þessu kjörtímabili þar sem vikomandi byggingar og rekstrarþættir voru boðnir út. Ég hef setið í öllum meginnefndum sem snúa að stjórnáslu sveitarfélags. Þá hef ég setið í stjórn Fráveitu Hafnarfjarðar, Stýrihópi um staðardagskrá 21 á Íslandi, Umhverfisfræðsluráði Umhverfisráðuneytis, Fjölsmiðjunni í Kópavogi, Fimleikafélaginu Björk Hafnarfirði og nefndum fyrir menntamála- og landbúnaðarráðuneyti.

Á árunum 1980-1990 bjó ég í Þýskalandi og Tyrklandi, var gift atvinnuknattspyrnumanni og fylgdist með atvinnumennsku í knattspyrnu, ásamt því að stunda nám í náttúrulekningum.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að gefa kost á þér í prófskjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi?

Ég hef áhuga á stjórnámum og metnað til að mál nái fram að ganga. Í Suðvesturkjördæmi er stefnt að 6 þingsætum. Ég vil leggja mitt að mörkum og stefni að því að verða þessi sjötti þingmaður kjördæmisins.

Hvernig myndir þú skilgreina þig í stjórnámum?

Styð frelsi einstaklingsins og fjölskylduvænt samfélag.

Tókst þú þátt í starfi ungra sjálfstæðismanna?

Nei.

Hafa skoðanir ungra sjálfstæðismanna áhrif á þig sem stjórnálamann?

Vert er að meta allar skoðanir af hálfu stjórnálamanns þegar fjallað er um ákveðin málefni. Ungir sjálfstæðismenn hafa oft komið fram með nýjar áherslur sem vert er að skoða.

Hvað finnst þér um verndartolla og opinbera styrki til íslenskra framleiðenda, svo sem í landbúnaði?

Ég tel að sumar atvinnugreinar þurfi að styrkja til að þær standist samkeppni við erlenda markaði, eða séu til staðar. (sbr. stuðningur við lista og menningarstarf.)

Vinna þarf að því að skapa atvinnugreinum eins og landbúndi sérstöðu. Á þann hátt er meiri möguleiki á að atvinnugreinin standi undir sér. Ég tel að íslenskar landbúnaðarafurðir hafi sérstöðu hvað hreinleika varðar og falla vel að náttúru mynd landsins. Það þarf að breyta áherslunni og stíga næsta skref, sem er að gera Ísland að forystulandi er varðar lífræna framleiðslu, þar sem lífrænar aðferðir byggjast á því að framleiða hágæða afurðir þar sem verndun

lífríkis, velferð búfjár og heilsufar neytenda er haft að leiðarljósi. Slík vörugæði verða eftirsóknarverðari með hverju árinu og kæmu í framtíðinni til með að standa undir sér án styrkjakerfis.

Finnst þér að ríkið eigi að reka fjölmíðla?

Já, að ákveðnu marki, því ég tel mikilvægt að stjórnvöld tryggji fjölmíðil eins og RÚV sem hafi skilgreint hlutverk eins og það að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleidd, ásamt því að hafa fjölbreytt efni fyrir alla aldurshópa, sérstaklega börn, og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á hinum ýmsu málefnum er almenning varðar. Þá þurfa verkferlar að vera skýrir er varðar almannavarnir og öryggismál. Ég tel að íslenska þjóðin setji traust sitt á stjórnvöld hvað þetta varðar, burtséð frá því hvernig rekstrarform stofnunarinnar eða fjölmíðilsins er.

Hvað finnst þér um aðskilnað ríkis og kirkju?

Styð núverandi fyrirkomulag.

Hvað finnst þér um skólagjöld á framhalds- og háskólastigi?

Framhaldsskólastig óbreytt staða, háskólastig þarf meira fjármagn, og skólagjöldum þarf að stilla í hóf.

Finnst þér að trúfélög eigi að hafa aðstöðu innan grunnskóla og aðgang að börnum til að stunda starfssemi á þeim vettvangi?

Ég er sammála því að samkvæmt grunnskólalögum skulu vera kenndar þær námsgreinar sem eru skilgreindar samkvæmt aðalnámskrá Grunnskólans.

Hvernig skoðunar ert þú varðandi hugsanlega stækkun áhersins í Straumsvík?

Fylgjandi stækkun því álverið er vinnustaður fleiri hundruð starfs-

manna, ásamt því að þónokkur fyrirtæki eru starfandi sem einungis þjónusta álverið. Ef starfsemi álversins yrði hætt myndi það hafa víðtæk áhrif út í samfélagið, sérstaklega í Hafnarfirði. Álverið í Straumsvík var fýsta fyrirtækið hér á landi sem vottað var með gæðastaðlinum ISO 14001. Við stækkingun þarf samt að huga að lagningu rafllína, en bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði lögðu til að rafínur skyldu lagðar í jörð. Ég styð stækkingun á álveri sem fyrir er í stað þess að leggja ný landsvæði undir álver.

Telur þú að stuðningur við Íraksstríðið hafi verið mistök?

Stjórnvöld á hverjum tíma eru bundin þeim samningum sem hafa verið gerðir af hálfu ríkisins. Ég

studdi ákvörðun ísl. stjórnvalda miðað við þær forsendur sem lagðar voru þá til grundvallar.

Hver verða aðalmálin í kosningabaráttunni í vor að þínu mati og hvers vegna ætli ungt fólk að kjósa þig?

Heilbrigðismálin. Biðlistum efur hjúkrunarrýmum verður að eyða og nauðsynlegt að aldraðir fái einbýli á öldrunarstofnunum. Aldraðir þurfa að fá að ráða sínum mál-efnum sjálfir, og meta þarf hvaða þættir skipta mestu máli til þess að aldraðir geti verið sem lengst í heimahúsnæði. Meðferðarúræði þurfa að vera virk og biðlistum ungmenna í vanda verður að eyða. Efla þarf forvarnir á öllum sviðum. Einfalda þarf skattkerfið og gera velferðarkerfið skilvirkara og mannúðlegra.

Eitthvað að lokum?

Í Suðvesturkjördæmi er vonast eftir að ná sex þingmönnum. Ég stefni á að verða sjöttu þingmaður kjördæmisins. Í því sambandi tel ég mikilvægt að vægi frambjóðenda sé sambærilegt og í síðustu alþingiskosningum, sem skilaði Sjálfstæðisflokknum bestu niðurstöðu á landsvísu.



**Til hamingju með nýja og glæsilega verslun
Þökkum samstarfið**

ÍSTAK

ÍSTAK hf. • Engjateigi 7 • 105 Reykjavík
Sími 530 2700 • Bréfsími 530 2724 • istak@istak.is • www.istak.is

Jón Gunnarsson



Hver er Jón Gunnarsson?

Ég er fjölskyldumaður, eiginkona mín er Margét Halla Ragnarsdóttir verslunareigandi. Við eigum þrjú börn, Gunnar Bergmann, Arnðisi Erlu, bæði nemar í viðskiptalögfræði og Arnar Boga 14 ára. Ég er framkvæmdastjóri Slysavarnarfélagsins Landsbjargar frá árinu 2005, en ég hef starfað innan þess félags í um 30 ár og gegnt þar flestum trúnaðarstörfum síðast sem formaður frá árinu 2000. Ég er mikill áhugamaður útvíst og íslenska náttúru.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sækjast eftir fjórða sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi?

Ég hef lengi haft brennandi áhuga á stjórnmálum og hef starfað í Sjálfstæðisflokknum í Kópavogi um árabíl og síðustu þrjú árin sem formaður fulltrúaráðs flokksins í bænum. Ég hef einnig átt talsverð samskipti við stjórnmálamenn í tengslum við störf mín fyrir Slysavarnarfélagið Landsbjörg og einnig á vegum Sjávarnýtja sem er félag áhugfólks um sjálfbæra nýtingu hvalastofna við landið.

Ég hef mikinn áhuga á að láta til mín taka á vettvangi stjórnmálanna og tel nauðsynlegt að styðja við brýn hagsmunamál íbúa í kjördæminu, svo sem í samgöngumálum og ekki

síður í málefnum eldri borgara. Umferðarmálin eru stórmál í kjördæminu og trúlega sá málaflökkur sem brýnast er að taka til hendinni þar. Það er óþolandi að íbúar í kjördæminu, sem sækja vinnu utan þess sveitarfélags sem þeir búa í, séu fastir í illleysanlegum umferðarhnútt kvölds og morgna. Sundabrautin er líka hagsmunamál þessa kjördæmis, ekki síður en landsmanna allra.

Það er mikil sóun að sá kraftur sem býr í eldra fólki skuli ekki nýtast betur á vinnumarkaði en raun ber vitni vegna óhóflegrar skattþíningsar. Þetta fólk er búið að leggja á sig ómælt erfiði við að byggja upp samfélagið sem við búum við í dag og á betra skilið en það að vera meinuð þátttaka á vinnumarkaði vegna óhóflegra skatta og skerðinga á lífeyri. Það á að hækka frítækjumörkin þannig að aldraðir hafi úr meiru að spila. Þessu verður að breyta strax og verður forgangsmál hjá mér.

Hvernig myndir þú skilgreina þig í stjórnmálum?

Ég er fjárlýndur hægrimaður og vil standa vörð um hin góðu gildi samfélagslegrar skylda okkar að sjá til þess að svo verði, ekki síst í menntamálum og heilbrigðismálum.

Tókst þú þátt í starfi ungra sjálfstæðismanna?

Þegar ég var á þrítugsaldri bjó ég um nokkurra ára skeið norður í Húnavatnssýslu og tók þar þátt í flokksstarfinu, var m.a. í stjórn kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðurlandskjördæmi vestra.

Hafa skoðanir ungra sjálfstæðismanna áhrif á þig sem stjórnmálamann?

Ungir sjálfstæðismenn eru og hafa jafnan verið samviska flokksins. Ungliðarnir eru yfirleitt róttækari en þeir sem eldri eru og aðhald frá þeim

er mjög nauðsynlegt og jákvætt. Að sjálfsgöðu hafa skoðanir ungs fólks í Sjálfstæðisflokknum áhrif á mig, enda er bara “augnablik” síðan ég var í þeirra hópi sjálfur. Ég á einnig tvö börn í háskólanámi sem taka þátt í starfi flokksins og þau eru mjög ötul við að koma skoðunum sínum á framfæri við mig og ég tel mig því undir miklum áhrifum og þrýstingi úr þeirri átt, sem ég tel af hinu góða.

Hvað finnst þér um verndartolla og opinbera styrki til íslenskrar framleiðslu svo sem í landbúnaði?

Þeir eru barn síns tíma og sá tími er liðinn. Það er fráleitt að halda uppi matarverði á Íslandi með ofurtollum á innflutta matvöru. Þá ber að afnema og sjá til þess að matarverð á Íslandi verði sem næst því sem er í nágrennalöndunum.

Þetta má hins vegar ekki gera þannig að samkeppnisstaða íslensks landbúnaðar verði lakari fyrir vikið. Ég hef hins vegar þá trú á íslenskum landbúnaði að hann muni standa sig í samkeppni við innflutt matvæli, enda standa þau að mínu mati mjög framarlega í gæðalegu tilliti.

Finnst þér að ríkið eigi að reka fjölmíðla?

Í árdaga fjáls útvarps- og sjónvarpsreksturs á Íslandi stýrði ég auglýsinga- og áskriftadeild Stöðvar 2, þannig að ég þekki vel þá ójöfnu stöðu sem frjálsu stöðvarnar eru í gagnvart RÚV. Grundvallarskoðun mín er sú að ríkið eigi ekki að þurfa að sinna slíkum rekstri, ekki frekar en að gefa út dagblað eða tímarit. Breyting á því fyrirkomulagi sem nú ríkir er mjög vandmeðfari og verður að stígaft í einhverjum skrefum. Það skref sem stigið verður með breyttu rekstraformi RÚV er klárlega skref í áttina. Áður en næstu skref verða stigin er mikilvægt að ný löggjöf um fjölmíðla sjái dagsins ljós.

Hvað finnst þér um aðskilnað ríkis og kirkju?

Ég er hlynntur slíkum aðskilnaði, enda er trúfælsi í landinu.

Hvað finnst þér um skólagjöld á framhalds- og háskólastigi?

Mér finnst að skólagjöld eigi rétt á sér, en þó þannig að þeir sem ekki hafa efni á að greiða slík gjöld hafi sama rétt og aðrir til skólagöngu, þ.e. að samfélagið styðji við þá nemendur sem þess þurfa.

Finnst þér að trúfélög eigi að hafa aðstöðu innan grunnskóla og aðgang að börnum til að stunda starfsemi á þeim vettvangi?

Trúariðkun og trúarbragðafræðsla eiga að fara fram innan veggja heimilanna fyrst og fremst og hjá söfnuðum, sunnudagaskólum og víðar.

Sem framkvæmdastjóri og fyrrum formaður Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, telur þú að eitthvað megi betur fara í björgunarmálum?

Undanfarin hafa verið stigin mikil framfaraskref við endurskipulagningu á þessum málaflokki. Má þar nefna samræmingarstjórnstöð í Skógarhlíð, breytingu á lögregluumdæmum í landinu, ný lög um Landhelgisgæsluna o.fl. Enn stöndum við þó á tímamótum, þar sem aukin verkefni munu flytjast á herðar Íslendinga við brotthvarf varnariðsins. Það hefur verið mjög vel haldið um þennan málaflokk af Birni Bjarnasyni dómsmála-

ráðherra og ég hef trú á því að sá grundvöllur sem lagður hefur verið í þessum málum muni stuðla að auknu öryggi borgaranna.

Telur þú að stuðningur við Íraksstríðið hafi verið mistök?

Ég tel ekki að stuðningur við Íraksstríðið hafi verið mistök þegar lítið er til þeirra upplýsinga sem fyrir lágu þegar ákvörðun um það var tekin. Það sem síðan hefur komið í ljós, þ.e. að gjöreyðingarvopn var ekki að finna í landinu, leiðir að mínu mati til þess að grundvöllur undir þennan stuðning sé brostinn.

Hver verða aðmálin í kosningabaráttunni í vor að þínu mati?

Ég tel að það verði einkum þrjú málaflokkar sem að hæst muni bera í kosningunum í þessu kjördæmi. Það eru samgöngumálin, menntamálin og málefni aldraðra. Ég hef áður minnst á samgöngumál og málefni eldra fólksins, en hvað menntamálin varðar þá sé ég enga ástæðu til þess að stytta framhaldsskólanám í 3 ár, enda fjölmargar aðrar leiðir færar fyrir þá sem vilja frara hraðar í gegnum skólann. Það er hins vegar nauðsynlegt að tryggja fjármagn til kjördæmisins til frekari uppbyggingar framhaldsskóla og vil ég jafnframt fagna áformum um byggingu nýs framhaldsskóla í Mosfellsbæ. En betur má ef duga skal, ekki síst í Kópavogi þar sem íbúaföldi er kominn í tæp 30 þúsund. Þar er þörfin brýn.

Ég tel einnig mikilvægt að einkaaðilar komi í auknum mæli að starfsemi skólanna.

Hvers vegna ætti ungt fólk að kjósa þig?

Ég held að skoðanir mínar falli almennt mjög vel að skoðunum ungra sjálfstæðismanna. Ég hef líka um árabíl starfað með fjölda ungs fólks, ekki síst í störfum mínum fyrir Landsbjörg og haft af því bæði gagn og gaman. Mér finnst ég ná vel til ungs fólks og vona að það takist einnig í þessu prófkjöri. Mikilvægt er að ungu fólki séu gefin tækifæri í stjórnmalastarfi og að félögum ungra sjálfstæðismanna sé skapaður grundvöllur til virkrar þátttöku í flokksstarfi.

Eitthvað að lokum?

Ég tel mikilvægt að á Alþingi veljist fólk með fjölbreytta lífsreynslu og margbreytilegan bakgrunn. Reynsla mín úr atvinnulífi, lengst af sem sjálfstæður atvinnurekandi og í félagsmálum, er nokkuð sem ég tel að eigi fullt erindi inn á Alþingi. Enda hefur mér lengi þótt skorta nokkuð á að á Alþingi sitji fólk með reynslu úr atvinnulífinu. Ég tel mig vinnusaman og er reiðubúinn að einhenda mér í þau verkefni sem brýnust eru hverju sinni.

www.haegri.is

Bryndís Haraldsdóttir



Hver er Bryndís Haraldsdóttir?

Eiginkona, móðir, varaþingmaður, varabæjarfulltrúi, verkefnisstjóri og ótrúlega skemmtileg ung kona.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sækjast eftir fjórða til fimmta seti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi?

Í dag er ég varaþingmaður og hef á síðustu árum unnið mjög mikið innan Sjálfstæðisflokksins. Ég hef því öðlast mikilvæga reynslu og er TILBÚIN að verða þingmaður okkar í SV kjördæmi og vinna fyrir okkur öll að enn betra Íslandi.

Nú ert þú næstingst albra framhjödenda. Telur þú það vera styrkleika eða veikleika?

Ég tel mjög mikilvægt að listi okkar sjálfstæðismanna í kjördæminu sé vel skipaður og að þar sé fjölbreytileiki í fyrirrúmi. Að fólk á listanum hafi mismunandi menntun, reynslu og sé á mismunandi aldri. Ég tel mig vera verðugan fulltrúa yngri kynslóðarinnar, en mun vinna kröftuglega að málefnum okkar allra í kjördæminu.

Hvernig myndir þú skilgreina þig í stjórnmálum?

Fyrst og fremst er ég sjálfstæðiskona sem berst fyrir frelsi einstaklingsins og framgangi sjálfstæðisstefnunnar.

Hvernig hefur þátttaka í starfi ungra sjálfstæðismanna haft áhrif á þig sem stjórnmálamaðmann?

Þátttaka í starfi ungra sjálfstæðismanna hefur reynst mér einkar vel. Sú þátttaka hefur þroskað mig í skoðunum og að fá tækifæri til að kynna öllu því fólki sem ég hef kynnst í gegnum starfið er ómetanlegt. Ég tel að SUS og aðildafélög þess séu frábær vettvangur fyrir allt ungt hægri fólk sem áhuga hefur á stjórn-málum.

Munt þú sem þingmaður berjast fyrir hugsjónum ungra sjálfstæðismanna?

Ég mun halda áfram að standa fyrir þau mál og málefni sem ég hef hingað til barist fyrir og hætti að sjálfsgöðu ekki að verða SUSari þó ég verði þingmaður.

Hvað finnst þér um verndartolla og opinbera styrki til íslenskra framleiðenda, svo sem í landbúnaði?

Ég er eindregið á móti slíkum styrkjum og tel nauðsynlegt að vinna ofan af því kerfi. Fyrsta skrefið hefur verið stigið með tillögum ríkisstjórnarinnar en við þurfum að ganga enn lengra og það er verkefni næsta kjörtímabils.

Finnst þér að ríkið eigi að reka fjölmöðla?

Mér finnst almennt að ríkið eigi ekki að standa í rekstri sem einkaaðilar eru fullfærir um að sinna. Ríkið þarf aftur á móti að tryggja starfsumhverfi fyrirtækja og að samkeppni ríki. Af tvennu illu er ríkið þó betri rekstraraðili í einokun eða fákeppni en einkaaðili.

Hvað finnst þér um aðskilnað ríkis og kirkju?

Sjálfsagt mál sem löngu á að vera búið að framkvæma.

Hvað finnst þér um skólagjöld á framhalds- og háskólastigi?

Ég vil sjá sem mesta fjölbreytni í fagstefnu og rekstrarumhverfi menntastofnana. Ég er hlynnt því að ríkið standi undir kostnaði við menntun

okkar og vil að hér sé besta menntakerfi í heimi því það er undirstaðan að öflugu þekkingarsamfélagi. Eitt af mínum stefnumálum er öflugt þekkingarsamfélag þar sem þekking, nýsköpun og tækniþróun blómstar. Ég tel að mannaúdurinn sé sú auðlynd sem við eigum að virkja í enn meiri mæli í framtíðinni.

Varðandi skólagjöld þá finnst mér að skólarnir eigi að hafa val um að taka upp skólagjöld en tryggja þarf að þau valdi ekki misskiptingu þannig að allir sem á annað borð hafa áhuga og getu til að stunda nám hafi tækifæri til þess. Frelsi einstaklingsins fellst í því að allir hafi jöfn tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína.

Finnst þér að trúfélög eigi að hafa aðstöðu innan grunnskóla og aðgang að börnum til að stunda starfsemi á þeim vettvangi?

Ég vil að skólar njóti sem mest sjálfstæðis og geti haft mismunandi áherslur í sínu starfi. Á sama tíma þarf að tryggja fullt valfrelsi foreldra til að velja þann skóla sem þeir telja að henti barni sínu best. Ég sé í sjálflu sér ekkert að því að skólar starfi með trúfélögum svo framlega að það sé yfirlýst stefna skólans.

Finnst þér að Ísland eigi að kanna umgöngu í Evrópusambandið?

Ég sé enga ástæðu til þess í dag að Ísland gangi í Evrópusambandið enda höfum við það mjög gott og ég sé ekki að við værum betur sett innan þess. Ég útiloka samt ekki að einhvern tímann gæti sú staða komið upp að það þjóni hagsmunum okkar. Því þurfum við að vera stöðugt á verði og fylgjast með þeirri þróun sem á sér stað innan sambandsins og tryggja fjárlst flæði vöru og vinnuafis við það svæði eins og öll önnur í heiminum.

Hver verða aðmálin í kosningabaráttunni í vor að þínu mati?

Efnahagsmálin held ég að verði í

brennidepli. Efnahagsmálin koma inn á líf okkar allra. Það er ekki bara fyrirtækin í landinu sem verða að búa við stöðugleika heldur er það hagsmunamál fjölskyldnanna í landinu að hér ríki stöðugleiki. Það er óþolandi fyrir mína kynslóð sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið að sjá lánin hækka þrátt fyrir að stöðugt sé verið að greiða af þeim. Því verður að hemja verðbólguna. Stóriðja og náttúruvernd verða

örugglega mikið í umræðunni og ég tel að framtíð okkar Íslendinga felist í því að virkja þá mikilvægu auðlind sem mannaúdurinn er og vill byggja hér upp öflugra þekkingarsamfélag. Innan Suðvesturkjördæmis eru þrjú mál einkar mikilvæg. Það eru samgöngumálin, fjölgun hjúkrunarheimila og uppbygging framhaldsskóla.

Hvers vegna ætti ungt fólk að ljósa þig?

Vegna þess að ég tel mikilvægt að

ungt fólk eigi sinn fulltrúa á Alþingi. Ég legg áherslu á málefni sem skipta okkur unga fólkið mjög miklu máli, Þau eru:

Öflugt íslenskt þekkingarsamfélag.

Frelsi einstaklingsins.

Fjölskylduævent samfélag.

Eitthvað að lokum?

Kjósom frábæran lista í prófkjörinu

11. nóvember sem mun vinna stórsigur í kosningunum í vor.

Huginn þakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning



Garðatorg 7 • 210 Garðabæ • sími: 545 0800 • fax: 545 0801
gardatorg@gardatorg.is • www.gardatorg.is • kt.: 681100-2370



Sími: 898 7039 Netfang: hansen@centrum.is

Sigurros Þorgrímsdóttir



Hver er Sigurros Þorgrímsdóttir?

Ég er fædd í Reykjavík, en fluttist í Kópavog 1978 og hef búið þar síðan. Ég er gift og á 3 börn og einn fösturson. Ég tók BA í stjórnmála- og hagfræði, 1990. Af því loknu fór ég í fjölmiðlafræði, sem ég lauk haustið 1991. Ég lauk síðan mastersgráðu í opinberri stefnumótun og stjórnsýslu við Háskóla Íslands árið 2000.

Ég hefur unnið trúnaðarstörf fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Kópavogi í mörg ár. Ég var fyrsti varabæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi, formaður bæjarmálaflokksins og formaður atvinnumálanefndar Kópavogs árin 1994-1998. Á þessum tíma var ég einnig í stjórn sjálfstæðisfélagsins og í stjórn kjördemisráðs. Frá 1998 hef ég verið bæjarfulltrúi. Ég var formaður leikskólanefndar frá stofnun hennar til ársins 2002, var í stjórn SORPU frá 1998-2006

Frá 2002 hef ég verið formaður lista- og menningarráðs Kópavogs, formaður skólanefndar Menntaskólans í Kópavogi, er í stjórn Námsgagnastofnunar og sat í stjórn EES-nefndar sem er á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ég var fyrsti varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmis frá 2003 og tók við sæti Gunnars I. Birgissonar þegar hann sagði af sér þingmennsku er hann varð bæjarstjóri í Kópavogi árið 2005. Ég á sæti í þremur þingnefndum: Menntamála-

, umhverfis- og samgöngunefnd.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sækjast eftir fjórða sæti í prófjóni Sjálfstæðismanna í suðvesturkjördæmi?

Þann tíma sem ég hef setið á þingi hef ég kynnst þingstörfum og hef mikinn áhuga á vinna áfram að góðum málum. Það eru mörg mál sem ég hef áhuga á að vinna að á næsta kjörtímabili s.s. lækun skatta, efla heilbrigðisþjónustuna, efla verkmenntun, auka forvarni, leita leiða við að koma í veg fyrir brottfall nema úr framhaldsskólum og íþróttum og stórbæta samgöngur á svæðinu. Ég tel mig því eiga mikið erindi á þing og ég vil leggja mitt á vogarskálarnar til að berjast fyrir velferð fjölskyldna.

Hvernig myndir þú skilgreina þig í stjórnmálum?

Ég er fyrst og fremst sjálfstæðismaður og vil vinna að framgangi stefnu flokksins.

Tókst þú þátt í starfi ungra Sjálfstæðismanna?

Já, ég starfaði með Heimdalli og SUS á mínum yngri árum og fór á mörg SUS þing.

Hafa skoðanir ungra sjálfstæðismanna áhrif á þig sem stjórnmálaman?

Mér finnst mjög gott að heyra skoðanir þeirra því þær eru oft beinskeyttar og vekja mann til umhugsunar um viðhorf ungra sjálfstæðismanna til ólíkra mála.

Finnst þér að ríkið eigi að reka fjölmiðla?

Ég styð frumvarp menntamálaráðherra um að gera RÚV að ohf. Ég tel að það eigi að leggja mikla áherslu á vandað mál, kynna sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Jafnframt á RUV ohf að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps.

Hvað finnst þér um aðskilnað ríkis og kirkju?

Aðskilnaður ríkis og kirkju er þegar í ákveðnu ferli og tel ég að það eigi að hafa sinn gang. Ef slíkar breytingar ganga í gegn þarf það að vera í fullu samráði við kirkjuna.

Hvað finnst þér um skólagjöld á framhalds- og háskólastigi?

Ég vil að allir eigi sem jafnastan aðgang að framhaldsskólum og háskólum. Fjárhagur einstaklinga má ekki hindra að fólk afli sér menntunar því aukin menntun skilar sér margfalt til þjóðabúsins. Nám er misdýrt og nemendur í verknámi þurfa t.d. að greiða fyrir efniskostnað. Ég er ekki frábítun því að nemendur á háskólastigi greiði einhver námsgjöld en það verður samt að gæta þess að þeim sé stíllt í hóf.

Finnst þér að trúfélög eigi að hafa aðstöðu innan grunnskóla og aðgang að börnum til að stunda starfsemi á þeim vettvangi?

Samkvæmt 62. gr. stjórnarskráinnar er hin evangelíska lúterska kirkja þjóðkirkja á Íslandi. Í stjórnarskránni segir jafnframt í 63. gr. að allir eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína. Ég sé því ekkert því til fyrirstöðu að kynning á öllum trúfélögum og trúabragðasaga sé kynnt í grunnskólum.

Er stóriðja raunverulegt vandamál á Íslandi?

Mikilvægustu auðlindir Íslands eins og vatnsorka og jarðvarmi eru hreinir orkugjafar sem ber að nýta sem best ekki aðeins í þágu okkar Íslendinga heldur alls heimsins til að fyrirbyggja mengun. Uppbygging stóriðju á undanföllum áratugum hefur haft mjög jákvæð áhrif á hagvöxt hér á landi. Ég tel því ekki að stóriðja sé vandamál á Íslandi. Það er rétt að skipuleggja uppbyggingu með löngum fyrirvara og vanda vel til staðarvals. En þess þarf þó ætíð að gæta að við spillum ekki náttúrunni að óþörfu. Það er einnig mjög mik-

ilvægt að efla annan orkufrekan iðnað. Því er brýnt að leggja áherslu á smærri iðnfyrirtæki og önnur fyrirtæki sem nýta mikla orku.

Telur þú raunhæft að einkavæða orkufyrirtækin?

Ég tel rétt að kannaðar verði leiðir til að tryggja einkaaðilum aðkomu að rekstri og eignarhaldi orkufyrirtækja. Ég tel því mjög áhugvert að ríkið skoði sölu slíkra fyrirtækja, að hluta eða að öllu leyti, til einkaaðila og stuðli þannig að aukinni samkeppi.

Hver verða aðalmálin í kosningabaráttunni í vor að þínu mati?

Ég á von á því að það skiptist eitt-hvað eftir kjördæmum. Ég tel að lækkun skatta og lækkun virðisauka á

matvæli verði lítið sem ekkert í umræðunni vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Þau mál sem ég tel verða efst á baugi í kosningunum eru t.d. vaxtamál, húsnæðismál, biðlistar á sjúkrahúsum, málefni öryrkja og fatlaðra og heilbrigðismálin eins og hjúkrunarrými fyrir aldraða og heimhjúkrun. Einnig verða samgöngumál í Suðvesturkjördæmi örugglega eitt af þeim málum sem lögð verður mikil áhersla á.

Hvers vegna ertu ungt fólk að kjósa þig?

Unga fólkid er framtíð þessa þjóðfélags og ég vil styrkja hag ungra fjölskyldna. Ég vil finna leiðir til að auðvelda ungu fólkid að eignast sína fyrstu íbúð, styrkja menntakerfið, efla verkmenntun og auðvelda verk-

námsnemum að komast á samning í iðngreinum. Ég er stjórnmalamaður sem legg metnað minn og áherlu á öll mál er tengist fjölskyldinni í störfum mínum.

Eitthvað að lokum?

Ég sækist eftir 4. sæti í prófkjörinu og bið um stuðning þinn í það sæti og gera mér þannig mögulegt að vinna áfram að málefnum ykkar.

Huginn heitir 15.000 kr. fyrir nýtt merki.

Huginn, félag ungra Sjálfstæðismanna í Garðabæ, efnir til samkeppni um nýtt merki félagsins. Við heitum **15.000 kr.** fyrir þann sem hannar það merki sem valið verður. Félagið setur engar kröfur fyrirfram, en vissulega er æskilegt að það hafi skírskotun í hrafni Óðins.

Frestur til að skila inn tillögum er 1. mars 2007. Huginn áskilur sér rétt til að hafna öllum tillögum.

Tillögum skal skilað á netfangið stjorn@huginn.is

Árni Þór Helgason



Hver er Árni Þór Helgason?

Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík, en hef búið í Garðabæ, Kópavogi og á Álftanesi fyrir utan 8 ár, sem ég bjó í Danmörku. Nú síðast hef ég verið búsettur í Hafnarfirði í nokkur ár.

Ég gekk í Melaskóla, Hagaskóla og varð stúdent frá MR. Ég lauk námi frá Arkitektaskólanum í Árósum í Danmörku.

Ég hef alltaf starfað sem arkitekt og þar af um 10 ár á eigin teiknistofu.

Ég er kvæntur Kristínu Sveinsdóttur og samtals eigum við níu börn á aldrinum 4 til 27 ára og við eigum fimm barnabörn.

Af þátttöku í fjálsfum félagasamtökum get ég nefnt: stjórn Byggingu- og Garðabæ, stjórn Lyftingasambands Íslands, stjórn Aarhus Atlet klub í Danmörku, stjórn Foreldrafélags leikskólans Brákarborgar í Reykjavík, formaður skammbysseueldar Skotfélags Reykjavíkur, Formaður Skotfélags Reykjavíkur, Stjórn Skotfélagsins Baldurs í Reykjavík, æskulýðsfulltrúi í Hestamannafélaginu Sóta á Álftanesi, stjórn Hestamannafélagsins Sóta á Álftanesi.

Ég er í stjórn Landsmálafélagsins Fram og í fulltrúaráði Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði og kjördæmisráði. Ég var á lista Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði í síðustu sveitarstjórnarkosningum.

Ég hef lagt stund á ípróttir til fjölda

ára, allt frá unglingsárum og var í landsliðinu í lyftingum og náði þar meðal annars Norðurlandameistararitli unglinga. Önnur áhugamál mín eru stjórnsmál, útivist, ferðalög, sportveiðar, hestamennska og hundarækt.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sækjast eftir fimmta seti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi?

Ég hef alltaf haft áhuga á stjórnsmálum, og stjórnsmál voru alltaf stór hluti af umræðunni í mínum uppvexti. Ég er búinn að vera lengi á leiðinni, ef svo má segja. Auðvitað er ég að sækjast eftir seti, með það í huga að hafa áhrif á umræðu í mörgum málum, sem eru mér hugleikin bæði í kjördæminu og á landsvísu.

Hvernig myndir þú skilgreina þig í stjórnsmálum?

Ég vil gjarnarn hvetja fólk til sjálfshjálpar og sjálfsbjargar. Einstaklingurinn á að fá að njóta sín. Ég vil hugsa og framkvæma til framtíðar.

Tókst þú þátt í starfi ungra sjálfstæðismanna?

Nei, það gerði ég ekki. Ég var í námi í Danmörku á þeim tíma.

Hafa skoðanir ungra sjálfstæðismanna áhrif á þig sem stjórnsmálmann?

Auðvitað hafa skoðanir ungra áhrif. Ég hafði sjálfur skoðanir sem ungur maður og sumt af því, sem ég hugsaði þá er enn í umræðunni.

Hvað finnst þér um vernaðartolla og opinbera styrki til íslenskra framleiðenda, svo sem í landbúnaði?

Ég tel að höft og takmarkanir séu í raun frestun á einhverju, sem er í aðsigi eða er óumfjýlanlegt. Það er hægt að girða sig af um óákveðinn tíma, en svo brestur stíflan oft með enn verri afleiðingum. Það er ekki talin góð lexía í nútímanum að flytja atvinnuleysi til annarra landa með því að veita framleiðslustyrki heima

fyrir. Við skulum ekki reikna með því að aðrar þjóðir hafi alltaf samúð með okkur í þessu.

Finnst þér að ríkið eigi að reka fjölmiðla?

Mér finnst að einkaaðilar eigi að reka fjölmiðla en með ákveðnum skilmálum. Þegar ríkið og einkaaðilar eru báðir í rekstri í sömu atvinnugrein skekkist samkeppnin.

Hvað finnst þér um aðskilnað ríkis og kirkju?

Þarna er um viðkvæmt mál að ræða. Hvenær átti hver hvað og hvernig? Það má kannski svara með spurningunni: Hvers vegna eiga fulltrúar kirkjunnar að vera ríkisstarfsmenn?

Hvað finnst þér um skólagjöld á framhalds- og háskólastigi?

Að mínu mati á menntun á framhalds- og háskólastigi að vera gjaldfrjáls. Það er hluti af hugmyndum mínum til sjálfshjálpar og að menntun sé fyrir alla, en ekki háð efnahag. Menntun er líklega mikilvægasta "hráefni" okkar, þegar til framtíðar er liúð og skilar sér til samfélagsins aftur.

Finnst þér að trúfélög eigi að hafa aðstöðu innan grunnskóla og aðgang að börnum til að stunda starfsemi á þeim vettvangi?

Spurning er hverjir eigi að hafa aðgang að skólum? Siðferðisboðskapur trúfélaga er nauðsynlegur fyrir þjódfélagið. Að mínu mati ætti siðferðið að skipta meira máli, en sjálf trúarbrögðin. Ég tel að menntun í almennri lífsleikni sé nauðsynleg í skólum, ekki bara dæmisögur. Börn ættu að fá tækifæri til að starfa fyrir og með ýmsum aðilum til að bæta siðferði og lífsleikni.

Er stóriðja raunverulegt vandamál á Íslandi?

Ég sé stóriðju ekki sem vandamál í augnablikinu. Í stóriðju er hins vegar stöðugt hugsað um "hagræðingu" á öllum sviðum, sem þýðir í raun fækk-

un starfsfólks, þegar upp er staðið. Ef stóriðja verður ráðandi í uppbyggingu atvinnutækifæra og núverandi aðstæður á vinnumarkaði verða viðvarandi, með litlu sem engu atvinnuleysi, getur það leitt af sér önnur afleidd mál, sem við erum ekki vön að fást við. Má þar nefna stóraukið erlent vinnuafli í okkar litla þjóðfélagi. Við yrðum þá að undirbúa okkur fyrir það. Ég er hlynntari því að hlúa að frumkvöðlum, þar sem minni fjárfesting er á hvert atvinnutækifæri, og þar sem menntun og/eða færni fær að njóta sín.

Nú hefur þú talað um úrbætur í íbúðarmálum ungs fólks. Hvað leggur þú til í þeim efnum?

Við höfum búið við nokkur kerfi varðandi íbúðarmál. Svo virðist, sem ekkert þeirra hafi hentað okkur nema

um skamman tíma, því öll hafa þau beðið skipbrot. Við verðum að hugsa húsnæðiskerfið út frá fjölskyldunni og heimili hennar og hlúa að því. Að mínu áliti er kjörstaðan að hver eigi sitt húsnæði sjálfur. Við megum ekki taka skyndiákvæðanir, þar sem eitt er í dag og annað á morgun. Það þarf að huga að leiðum, sem gerir ungum fjölskyldum kleyft að eignast sína fyrstu og jafnvel aðra íbúð hugsanlega með aðstoð skattakerfisins. Það þarf meðal annars að taka fjölskyldustærð og aðstæður með í reikninginn.

Hver verða aðalmálin í kosningaráttunni í vor að þínu mati?

Ég geri ekki ráð fyrir að neitt einstakt mál yfirgnæfi annað í komandi kosningunum. En ég tel, að þau mál, sem snerta fólk náið, verði ráðandi í umræðunni á komandi vori. Á

landsvísu verður það bæt看tur hagur fjölskyldna gegnum matarkörfuna, íbúðarmál og þróun vaxtastígs, en hér í kjördæminu verða það umferðar- og skólamál.

Hvers vegna ætti ungt fólk að ljósa þig?

Ég vil að ungt fólk fái enn betri tækifæri en buðust þegar ég var ungur. Ég vil í þessu sambandi nefna menntun, ástundun íþróttar og hvers kyns tómstunda. Ungt fólk á að hafa tækifæri til undirbúa sig fyrir framtíðina. Mitt mat er að fjölbreytni, hvað varðar áhugamál á unglingsárum, skili sér í margvíslegri þekkingu og hugmyndum til framtíðar.

Eitthvað að lokum?

Ég vil hvetja alla flokksbundna sjálfstæðismenn til að mæta og greiða atkvæði í komandi prófkjöri þann 11. nóvember.



GLITNIR

Prískiptur sparnaður Glitnis

VARASPARNAÐUR

– til að mæta óvæntum fjárútlátum, t.d. ef bíllinn bilar eða húsnæðið þarfnast viðgerðar. Og já, líka ef börnin þurfa tannréttingar.

... Í SPARNAÐI

Ný aðferð til að ná betri árangri í sparnaði. Farðu í næsta útibú Glitnis eða á www.glitnir.is og kláraðu málið!

HVITA HÚSID / SÍA

Ragnheiður Ríkharðsdóttir



Hver er Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Ég er fædd á Akranesi en fluttist þaðan 1969 og hef búið í Mosfellsbæ frá 1976. Ég er gift Daða Runólfsyni og eigum við tvö börn, Ríkharð og Heklu, tengdadóttir okkar er Þórey Vilhjálms og við eigum þrjú barnabörn, Andra Má, Ragnheiði og Vilhjálmi. Ég er mikil fjölskyldumanneskja og vinur vina minna. Hef hrikalega gaman af fótbolta og hestamennsku og er að reyna að byrja í golfi sem gengur reyndar frekar treglega en æfingin skapar meistarann.

Ég er vel menntuð með BA í íslensku, upplendis – og kennslufræði frá HÍ og framhaldsnám í menntunarfræðum með áherslu á stjórnun frá KHÍ.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sækjast eftir þriðja seti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi?

Ég hef brennandi áhuga á stjórnmálum og þegar ljóst var að Sigríður Anna ætlaði ekki fram þá stóðst ég ekki áskoranir og ákvað að bjóða mig fram í þriðja seti af því að mig langar að vera í framvarðarsveit okkar sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi og taka þátt í því að gera gott samfélag enn betra.

Nú ert þú bæjarfulltrúi og bæjarstjóri í Mosfellsbæ. Hvernig munt þú sinna þeim verk efnum samhliða þingmennsku?

Nái ég þriðja sætinu þá er ljóst að ég er verðandi þingmaður. Að vera þingmaður á Alþingi Íslendinga er að mínu mati fullt starf og ég mun því láta af störfum sem bæjarstjóri en sinna bæjarfulltrúastarfinu eins og ég er kjörin til.

Hvernig myndir þú skilgreina þig í stjórnmálum?

Ætli ég sé ekki hægra megin á miðjunni í okkar flokki. Ég vil gott velferðarkerfi fyrir alla en ég vil einnig sjá að þar geti opinberir aðilar og einkaaðilar unnið saman. Ég vil t.d. að ríkið hætti rekstri ÁTVR og að í samgöngumálum verði aukid samstarf einkaaðila og ríkisins um framkvæmd og fjármögnun.

Tókst þú þátt í starfi ungra sjálfstæðismanna?

Nei, ég gekk í Sjálfstæðisflokkinn á fullorðinsárum.

Hafa skoðanir ungra Sjálfstæðismanna áhrif á þig sem stjórnmálaman?

Vissulega, því skoðanir ungra hreyfa alltaf við manni, halda manni á tánum og minna oft hressilega á það sem efst er á baugi hverju sinni og veita ákveðið aðhald.

Hvað finnst þér un vernaðartolla og opinbera styrki til íslenskra framleiðenda svo sem í landbúnaði?

Ég held að við ættum að afnema vernaðartolla t.d af matvöru því okkar vörur eru svo fráþærar að Íslendingar munu ekki hætta að kaupa þær þó svo að aðrar vörur yrðu ódýrari. Hvað varðar styrkina þá þarf að endurskoða þá í samvinnu við hagsmunaaðila og ég hallast að því að þá eigi að afnema í áföngum.

Finnst þér að ríkið eigi að reka fjölmöðla?

Ég er tiltölulega sátt við nýja frumvarp menntamálaráðherra um ríkis-

útvarpið og vil afnema afnotagjöldin.

Hvað finnst þér um aðskilnað ríkis og kirkju?

Ég vil aðskilnað ríkis og kirkju.

Hvað finnst þér um skólagjöld á framhalds- og háskólastigi?

Menntun er forsenda framfara og því þarf að tryggja aðgengi allra að henni. Ég hef oft haldið því fram að einhvers konar ávísanakerfi gæti fylgt sérhverjum nemanda og hann fái því ráðið hvar hann stundar nám hverju sinni.

Af hverju ertu stoltust í starfi þínu sem stjórnmálamaður?

Ég hef aðeins verið fjögur ár sem bæjarfulltrúi og bæjarstjóri í Mosfellsbæ og er afar stolt af því að hafa snúið við rekstri sveitarfélagsins, breytt mínus í plús. En einnig að hafa innleitt í samvinnu við einkaaðila nýjar áherslur í uppbyggingu, hönnun og rekstri íþróttamiðstöðvar sem og uppbyggingu nýrra hverfa.

Sérdu eftir einhverju í starfi þínu sem stjórnmálamaður?

Nei, ekki enn.

Hver verða aðalmálin í kosningabaráttunni í vor að þínu mati?

Eins og staðan er í dag þá nefni ég efnahagsmál, velferðamál og umhverfismál.

Hvers vegna ætti ungt fólk að ljósa þig?

Vegna þess að það getur treyst því að ég legg mig alla fram í því sem ég tek mér fyrir hendur. Ég hef kraft og reynslu og er heiðarleg, ósérhlífín og á gott með að vinna með fólki á öllum aldri.

Eitthvað að lokum?

Ég vona að prófkjör okkar sjálfstæðismanna skili okkur flottum lista og síðan sjötta þingmanninum.

Pétur Árni Jónsson



Hver er Pétur Árni Jónsson?

Pétur Árni er Seltúrnungur frá fyrsta degi. Eftir grunnskóla þá var ferðinni heitið í Verzlunarskóla Íslands og þaðan í lagadeild Háskóla Íslands. Ég starfa sem skattaráðgjafi með námi.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sækjast eftir fimmta sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi?

Ég hef lengi starfað innan Sjálfstæðisflokksins, sinnt þar ýmsum störfum og verið falin ýmis trúnaðarstörf. Það var ekki á dagskránni að taka þátt í prófkjöri en eftir að kjörnefnd hafði samband við mig þá ákvað ég að þekkjast boð hennar um að taka þátt. Fimmta sætið varð fyrir valinu því það er baráttusætið og það hentar mér best að vera þar sem þarf að hafa fyrir hlutunum.

Hvernig myndir þú skilgreina þig í stjórnmálum?

Ég er sjálfstæðismaður og í samræmi við sjálfstæðisstefnuna efast ég um betri getu ríkisvaldsins til að leysa ýmis vandamál heldur en einstaklinganna sjálfra. Um leið viðurkenni ég aðkomu hins opinbera að málefnum fólks á vissum afmörkuðum sviðum.

Tókst þú þátt í starfi ungra sjálfstæðismanna?

Já, fyrir utan að vera formaður ungra sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi þá hef ég setið í stjórn SUS og var um skeið framkvæmdastjóri þeirra góðu samtaka.

Hafa skodanir ungra sjálfstæðismanna áhrif á þig sem stjórnmálamanum?

Hugmyndir ungra sjálfstæðismanna falla algjörlega að hugmyndum þeirra sem eldri eru. Munurinn er hins vegar stundum sá, að óþolinmæði unga fólksins mætir oft á tíðum ekki skilningi eldtra fólksins. Það er í sjálfu sér eðlilegt.

Hvað finnst þér um verndartolla og opinbera styrki til íslenskra framleiðenda, svo sem í landbúnaði?

Landbúnaðarkerfið veldur því að bændur eru ein lægst launaða stétt landsins og íslenskir neytendur greiða eitt hæsta verð fyrir landbúnaðarafurðir í heiminum. Slíkt kerfi getur vart talist gott og það þarf að afnema. Stjórnmálamenn þröngvuðu því upp á bændur og neytendur upp úr 1930 og því þurfa þeir að afnema þannig að bændur geti staðið í fæturnar á eftir, t.d. með eingreiðslu sem gefur þeim kost á að halda áfram í greininni eða hætta búskap.

Finnst þér að ríkið eigi að reka fjölmöðla?

Nei, ríkið á ekki að reka fjölmöðla, ekki frekar en bakari eða bensinstöð. Ég styð hlutfélagavæðingu RÚV með það að markmiði að selja stofnunina í náinni framtíð.

Hvað finnst þér um aðskilnað ríkis og kirkju?

Ég held að kirkjan væri miklu betur komin án fjárhagslegra og stjórnsýslulegra tengsla við ríkið. Sjálfstæð kirkja er líklegri til að mæta óskum þeirra sem þurfa á henni að halda, rétt eins og þeirra sem vilja veita öðrum hjálp í kirkjunni.

Hvað finnst þér um skólagjöld á framhalds- og háskólastigi?

Ég er fylgjandi því að þeir sem vilja mennta sig, greiði djúga skerf þess kostnaðar sem af því hlýst af þeirri einföldu ástæðu að þeir hinir sömu njóta ágóðans helst sjálfir.

Finnst þér að trúfélög eigi að hafa aðstöðu innan grunnskóla og aðgang að börnum til að stunda starfsemi á þeim vettvangi?

Það er eðlilegt að kynna börnum starfsemi mismunandi trúfélaga, en trúboð gagnvart börnum er ekki eðlilegt.

Nú ert þú yngsti framþjóðandi prófkjörsins. Telur þú það stynkleika eða veikleika?

Hvorugt, það byggist miklu heldur á einstaklingnum frekar en aldri einstaklingsins hversu vel honum tekst að setja sig inn í mál ólíkra aldurshópa líkt og annarra hópa samfélagsins.

Er stóriðja raunverulegt vandamál á Íslandi?

Nei, stóriðja er ekki vandamál, ekki frekar en önnur lögleg atvinnustarfsemi. Hins vegar er vandamál ef stjórnmálamenn eru með einhvers konar stjórnóðjustefnu. Þeir sem reka fyrirtækin hafa miklu meira vit á því hvers konar rekstur er skynsamlegur. Stjórnmálamenn eiga að halda sig eins fjarrí og kostur er ef ekki á að fara illa.

Hver verða aðalmálin í kosningabaráttunni í vor að þínu mati?

Það er eflitt að spá um hver verða aðalmálin næsta vor en ef ég mætti ráða verða það uppskurður á heilbrigðiskerfinu og bætt öldrunarþjónusta, bætta samgöngur á suðvesturhorninu og lægri og færri skattar á einstaklingana. Aðalmálið gagnvart ungu fólki á að vera húsnæðismálin. Núna er nánast ómögulegt fyrir ungt fólk að festa kaup á sinni fyrstu íbúð þar sem íbúðarverð hefur hækkað gegndarlaus undanfárin ár.

Hvers vegna ætti ungt fólk að ljósa þig?

Af sömu ástæðu og aðrir, vegna þess að ég meina það sem ég segi og mun gera það sem ég segi ef ég kemst inn á þing.

Eitthvað að lokum?

Ég segi við alla sjálfstæðismenn, stillum upp sigurliði!

Stelpur í Sjálfstæðisflokknum



Eru stelpur hræddar við að taka pólitíska afstöðu? Ef svo er þá hafa stelpur í Sjálfstæðisflokknum sýnt okkur undanfarin ár að það er engin ástæða til. Lengi vel var dæmigert fyrir stjórnmál að vera aðeins fyrir karla og því miður telja ennþá einhverjir að Sjálfstæðisflokkurinn sé tákngervingur karlavelðisins. Það er mikill misskilningur og þeir sem halda því fram hafa væntanlega ekki kynnt sér vel söguna og þróunina í flokknum. Stelpur í Sjálfstæðisflokknum geta verið stoltar því Sjálfstæðisflokkurinn var fyrstur til að koma konum á framfæri í stjórnmálum. Þar ber helst að nefna Auði Auðuns sem var fyrst kvenna til að verða ráðherra, en hún var skipuð dómsmálaráðherra árið 1970. Á árunum 1959 – 1960 varð hún fyrst kvenna borgarstjóri í Reykjavík. Skömmu síðar kom önnur kona úr röðum sjálfstæðismanna fram á sjónarsviðið en það var Ragnhildur Helgadóttir sem var skipuð menntamálaráðherra árið 1983.

Mér finnst algjört rangnefni á flokkinn að titla hann karlaflokk sérstaklega í ljósi þess að í fremstu röðum flokksins í dag eru einmitt kvenmenn. Af þessum konum fer fremst í flokki Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og í grein um stelpur í Sjálfstæðisflokknum verður að sjálfsgöðu að fjalla stuttlega um störf Þorgerðar innan flokksins.

Þorgerður hefur rutt margar ótrúðnar slóðir fyrir stelpur í stjórnmálum. Hún er núverandi menntamálaráðherra og var fyrsta konan til að setjast í stól forsætisráðherra og stjórna ríkisstjórnarfund í fjarveru Geirs H. Haarde forsætisráðherra. Hún á glæstan feril innan Sjálfstæðisflokksins og er nú fyrsta konan til að gegna embætti varaformanns Sjálfstæðisflokksins.

Þorgerður hefur öflugt kvennahaf á bak við sig innan Sjálfstæðisflokksins en í miðstjórn flokksins eru níu af ellefu kjörnum fulltrúum konur. Það er því augljóst að stelpur eru metnar að verðleikum í Sjálfstæðisflokknum og flokksmenn treysta þeim til að gegna mikilvægum störfum innan flokksins.

Önnur sjálfstæðiskona sem staðið hefur okkur Garðbæingum nær er Ásdís Halla Bragadóttir. Ásdís Halla hefur lengi verið starfandi fyrir Sjálfstæðisflokkinn og unnið sér gott orð innan hans. Ásdís Halla opnaði augu margra fyrir möguleikum stelpna innan Sjálfstæðisflokksins. Hún var fyrst kvenna kjörin formaður Samband ungra sjálfstæðismanna (S.U.S) og þá var Ásdís Halla fyrst kvenna bæjarstjóri í Garðabæjar.

Það sem Ásdís Halla og Þorgerður Katrín eiga sameiginlegt annað en það að vera ungar og efnilegar sjálfstæðiskonur er að þær koma okkur fyrir sjónir sem ákveðnar stelpur sem þora að taka sterka pólitíska afstöðu. Þær sýna og sanna fyrir öðrum stelpum í flokknum að feimnin kemur okkur skammt áfram.

Þá ber að nefna að í kjöri til formennsku Heimdallar þetta árið voru tveir frambjóðendur og báðir voru stelpur. Þetta var í fyrsta sinn í sögunni sem eingöngu stelpur voru í frambóði. Sigurvegarinn, Erla Ósk Ásgeirsdóttir, er önnur kvenna formaður Heimdallar.

Gengi kvenna í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningar á síðasta ári var afar gott. Í prófkjörinu voru tuttugu og fimm þátttakendur; þar af tuttugu karlmenn og fimm kvenmenn. Niðurstaða prófkjörsins var sú að karlar og konur skipuðu efstu tíu sætin til helminga sem þýðir að allar konurnar sem buðu sig fram voru kjörnar inn á lista. Þetta sýnir svart á hvítu að konur standa ekki höllum fæti gagnvart kórnum þegar kemur að lýðræðislegum kosningum innan Sjálfstæðisflokksins. Ein af þessum mjög svo frambærilegu konum er Hanna Birna Kristjánsdóttir sem nú er forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.

Í kjölfar þessara staðreynda kem ég aftur að spurningunni sem ég varpaði fram í upphafi greinarinnar. Eru stelpur hræddar við að taka pólitíska afstöðu? Staðreyndin er sú að alltof margar stelpur eru smeykar við að tjá sig um stjórnmál. Ég tel að stelpur í Sjálfstæðisflokknum hafi sýnt það með verkum sínum og störfum að slíkt er ástæðulaust. Sem dæmi um að stelpur haldi út pólitískri málefnalegri umræðu má líta á mjög áhugaverða vefsíðu, tiki.is. Síðunni er haldið uppi af ungum og efnilegum stelpum sem eru óhræddar við að segja sína skoðun á hlutunum.

Þó nokkuð sé síðan stelpur hófu að láta til skarar skríða innan Sjálfstæðisflokksins bendir ekkert til þess að sé lát á því. Við erum óhræddar að feta nýjar slóðir en því miður eru ótrúðnar slóðir kvenna í stjórnmálum ennþá mjög margar. Það þýðir ekki að láta deigan síga heldur verðum við að halda vel á spöðunum, þjóðfélaginu til góðs. Aftur á móti ætti ekki að koma á svokölluðum kynjakvátum innan flokksins þar sem jafnrétti verður aldrei náð fram með ójafnrétti. Sýn beggja kynja á hlutina bætir þjóðfélagið.

Stelpur eiga jafn mikla möguleika og strákar innan Sjálfstæðisflokksins. Í Sjálfstæðisflokknum eru stelpur á réttum vettvangi til að skara fram úr. Máltekið segir að hver sé sinnar gefu smíður og því hvet ég allar stelpur til að ganga í Sjálfstæðisflokkinn og láta ljós sitt skína.

Sigríður Dís Guðjónsdóttir